

Skrá yfir viðauka

1. Bréf menntamálaráðuneytisins til rektors Háskóla Íslands, dags. 17. nóvember 2009.
2. Reglur lagadeildar um hlutverk og verkefni umsjónarkennara frá 10. desember 2002.
3. Stefna lagadeildar 2006-2011.
4. Úr reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 (90. og 91. gr.).
5. Reglur um BA-nám í lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands, frá 25. ágúst 2009.
6. Listi yfir námskeið sem kennd eru á meistarastigi við lagadeild Háskóla Íslands.
7. Listi yfir námskeið sem voru kennd á meistarastigi við lagadeild Háskóla Íslands skólaárið 2009-2010.
8. Reglur um áherslusvið í framhaldsnámi í lögfræði til meistaraþrófs (mag. jur) 31. október 2006.
9. Listi yfir erlenda samstarfsháskóla lagadeildar Háskóla Íslands.
10. Reglur um námsvist nemenda í framhaldsnámi við lagadeild Háskóla Íslands frá 26. febrúar 2008.
11. Reglur um meistararitgerðir og önnur lokaverkefni til meistaraþrófs (mag. jur) í lögfræði frá 30. september 2008.
12. Reglur um alþjóðlegt meistaranám í auðlindarétti og alþjóðlegum umhverfisrétti frá 26. febrúar 2008.
13. Reglur um doktorsnám og rannsóknánámsnefnd við lagadeild Háskóla Íslands frá 14. október 2004.
14. Verklagsreglur um mat á námskeiðum, verkefnum og öðru framlagi doktorsnema við lagadeild Háskóla Íslands frá 24. apríl 2007.
15. Yfirlit yfir rannsóknarstig kennara í lagadeild 2004-2008 miðað við fjölda starfsmanna og starfsígildi.
16. Yfirlit yfir einkunnir í námskeiðunum *Inngangur að lögfræði* og *Almenn lögfræði ásamt ágrípi af réttarsögu* 2004-2009.
17. Yfirlit yfir fjölda próftaka og meðaleinkunnir í námskeiðum við lagadeild Háskóla Íslands 2005-2009.
18. Skráning í námskeið lagadeildar á vormisseri 2010.
19. Yfirlit yfir rekstrarkostnað lagadeildar, virkni nemenda, meðalkostnað á nemanda og þróun kennslukostnaðar 2004-2008.
20. Tenured members of the Law Faculty 2010.
21. Reglur um æfingaskyldu stúdenta í BA-námi við lagadeild frá 2. júlí 2002..
22. Reglur lagadeildar um fjarpróf frá 27. janúar 2009.
23. Reglur um kjörgreinar við lagadeild Háskóla Íslands frá 15. maí 2003.
24. Reglur um munnleg próf í lagadeild.
25. Niðurstöður kennslukönnunar í lagadeild fyrir árið 2009.
26. Summary of Findings. External Peer Review Group. Final Report: Faculty of Law, University of Iceland June 2004.
27. Hæfniviðmið fyrir námsleiðir við lagadeild Háskóla Ísland.
28. Könnun á afdrifum brottskráðra nema frá Lagadeild Háskóla Íslands árin 2005-2009.
29. Bréf Lögmannafélags Íslands til deildarforseta lagadeildar, dags. 17. desember 2009 og upplýsingar um þátttakendur í prófi til öflunar héraðsdómslögmannsréttinda 2005-2009.

Bréfalykill: 3014 Áb.: _____
 Fylgiskjöl: _____
 Móttækid: 19 NOV 2009
 Málsnúmer: HÍ 09090085



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 4 · 150 Reykjavík
 sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068

postur@mrn.stjr.is
 menntamalaraduneyti.is

Háskóli Íslands
 Kristín Ingólfssdóttir, rektor
 Suðurgötu
 101 REYKJAVÍK

Reykjavík 17. nóvember 2009
 Tilv.: MMR09090112/6.21.4-

Efni: Úttekt á kennslu og námi í lögfræði

Samkvæmt þriggja ára áætlun menntamálaráðuneytisins um ytra mat á gæðum kennslu og rannsókna mun ráðuneytið, á yfirstandandi skólaári, standa fyrir úttekt á kennslu og námi í lögfræði við Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík, Háskólanum á Bifröst og Háskólanum á Akureyri. Úttektin nær til viðurkenndra prófgráða í lögfræði.

Úttektin er framkvæmd með vísan í 11. grein laga nr. 63/2006 um háskóla og reglur nr. 321/2009 um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna í háskólum. Markmið ytri úttekta á háskólastigi er að viðhalda og auka gæði kennslu og rannsókna í háskólum, bæta skipulag háskóla, stuðla að aukinni ábyrgð háskólastofnana á eigin starfsemi og tryggja samkeppnishæfni þeirra á alþjóðavettvangi.

Matið grundvallast á: a) lögum nr. 63 2006 um háskóla, b) reglum nr. 321/2009 um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna í háskólum, c) sjálfsmatsskýrslu skólananna, d) samningum milli háskólanna og ráðuneytis, e) stefnu og þróunaráætlun skólanna varðandi viðkomandi fræðasvið og f) alþjóðlegum viðmiðum um starfsemi háskóla, einkum samþykkt menntamálaráðherra aðildarlanda Bologna-ferlisins, Standard & Guidelines for Quality Assurance in the European Higher Education Area.

Samkvæmt reglum um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna í háskólum nr. 321/2009 skipar menntamálaráðherra ytri matshóp sem ber ábyrgð á framkvæmd matsins. Verður tilkynnt um skipan hópsins síðar.

Fyrirgreindar reglur gera ráð fyrir að háskólar sem gangast undir ytra mat veiti upplýsingar í formi sjálfsmatsskýrslu um þau atriði sem úttektin snýr að hverju sinni. Hægt er að nálgast leiðbeiningar fyrir innra og ytra mat á heimasíðu ráðuneytisins, www.menntamalaraduneyti.is, undir Málaflokkar (menntun/mat og úttektir), og eru skólarnir hvattir til að nýta sér þessar leiðbeiningar eftir því sem við á. Þá er óskað eftir því að skólarnir svari eftirfarandi spurningum í sjálfsmatsskýrslum sínum með rökstuðningi og dæmum eftir atvikum. Skólum er að sjálfsögðu heimilt að fjalla um önnur mikilvæg atriði í sjálfsmatsskýrslu sinni.

Tenging námsins við hlutverk skólans

Hvernig fellur námið (innihald námsins og kennslan) að hlutverki (markmiði/ áherslum/ stefnu) skólans?

Hvernig fellur kennslueiningin að annarri starfsemi skólans?

Rannsóknir og tengsl rannsókna og kennslu

Hver er staða rannsókna við skólann á þessu fræðasviði?
 Hvaða þýðingu hafa rannsóknir kennara fyrir námið?
 Hvernig eru rannsóknaniðurstöður nýttar í kennslunni?

Breidd og dýpt námsins

Hvert er vægið milli breiddar og dýptar í náminu, þ.e. milli almennra þátta og sérhæfðra þátta?

Markhópur

Höfðar skólinn til ákveðins hóps með náminu?
 Fær skólinn þá nemendur sem hann helst vildi?

Umfang og nýting

Við hversu stóra nemendahópa miðast skipulag námsins?
 Hver er nemendafjöldinn?
 Hver er hámarksfjöldi nemenda?
 Hvernig hefur aðsókn í námið þróast?
 Hversu vel eru námskeið nýtt?
 Hver er meðalkostnaður á nemanda?
 Hvernig er kostnaðurinn reiknaður út?

Alþjóðlegur samanburður

Á námið sér fyrirmynd eða samsvörun í erlendum háskólum?
 Byður skólinn upp á alþjóðlega samkeppnishæfar námsaðstæður? (Koma þarf eftir atvikum inn á fjölda, samsetningu og menntun kennara, aðgengi nemenda að kennurum, hlutfalli kennara og nemenda, aðstöðu, tækjabúnaði og stoðþjónustu við nemendur).

Kennsluhættir, námskröfur og námsmat

Hefur skólinn sett viðmið um kennsluhætti, námskröfur og námsmat?
 Hvernig fer mat á þessum þáttum fram?
 Hafa nýlega verið gerðar breytingar á náminu í kjölfar innra eða ytra mats?

Afdrif nemenda

Er fylgst með afdrifum brautskráðra nemenda á vinnumarkaði eða í áframhaldandi námi?

Þróun náms og framtíðarsýn


Hvað sýn hefur skólinn á framtíð námsins og námsbrautarinnar?
 Telur skólinn að gera þurfi breytingar á náminu?

Gert er ráð fyrir að skólar skili sjálfsmatsskýrslum sínum til ráðuneytisins eigi síðar en 20. janúar n.k. Skýrslurnar verða sendar ytri matshópnum sem fær nokkrar vikur til að kynna sér innihald skýrslunnanna. Sjálfsmatsskýrsla skal að hámarki vera 40 síður fyrir utan viðauka með tölulegum gögnum. Jafnframt er farið fram á að rektorar og aðrir aðilar sem tengjast skólunum veiti allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn sem úttektaraðilar kunna að óska eftir. Ákvörðun um tímasetningar á heimsóknnum úttektaraðila verður tekin síðar en gera má ráð fyrir að þær fari fram á tímabilinu mars

til loka apríl.

Úttektaraðilar skila ráðuneytinu niðurstöðum sínum en áður skulu þær hafa verið kynntar skólunum. Menntamálaráðuneytið mun birta niðurstöður úttektarinnar á heimasíðu sinni og er þess jafnframt vænst að skólarnir birti niðurstöður á heimasíðu sinni.

Fyrir hönd ráðherra



Stefán Baldursson



Margrét Harðardóttir

Reglur lagadeildar um hlutverk og verkefni umsjónarkennara

Samþykktar á deildarfundum í lagadeild 10. desember 2002

Fastráðnir kennarar við lagadeild, prófessorar, dósentar og lektorar, geta einir verið umsjónarkennarar með þeim námsgreinum sem kenndar eru við deildina. Jafnframt má fela fyrirverandi fastráðnum kennurum við deildina umsjón með einstökum greinum. Umsjónarkennarar geta ýmist verið einn eða tveir með hverri grein, samkvæmt ákvörðun deildarfundar.

Hlutverk umsjónarkennara er að stýra og hafa faglega umsjón með kennslu í námsgreininni samkvæmt þeim reglum, sem lög og stjórnvaldsfyrirmæli kveða á um, svo og samkvæmt reglum Háskóla Íslands og lagadeildar.

Í samræmi við það eru helstu verkefni umsjónarkennara þessi:

1. Umsjónarkennari ber ábyrgð á gæðum kennslu og prófum í námsgreininni, gagnvart lagadeild. Ef fundið er að kennslu eða prófum ber deildarforseta, sé þess kostur, að koma aðfinnslunum á framfæri við umsjónarkennara og gefa honum kost á að tjá sig um þær og bæta úr því, sem aflaga hefur farið, ef ástæða er til, áður en gripið er til viðeigandi ráðstafana af hálfu deildarinnar.
2. Umsjónarkennari ber ábyrgð á því að kennsluáætlun og upplýsingar um meginnáms efni liggja fyrir áður en kennsla hefst í námsgreininni. Hann ber jafnframt ábyrgð á því að kennslubækur og annað námsefni sé tiltækt við upphaf kennslunnar.
3. Umsjónarkennari ákveður námsefni og tilhögun kennslu og prófa í námsgreininni.
4. Umsjónarkennari ákveður hverjir annast kennslu og próf í námsgreininni. Ef sami stundakennari á að annast meiri kennslu í greininni en sem nemur 20 vinnustundum er ráðning hans háð samþykki deildarforseta skv. 29. gr. reglna nr. 458/2000 um Háskóla Íslands. Umsjónarkennari skal hafa samband við þá, sem hann hyggst fela kennslu og umsjón með prófum í greininni, með hæfilegum fyrirvara.
5. Umsjónarkennari getur, með samþykki deildarforseta, falið öðrum, í sinn stað eða með sér, að semja kennsluáætlun og taka saman upplýsingar um meginnáms efni í námsgreininni skv. 2. tölul., ákveða námsefni og tilhögun prófa skv. 3. tölul. og hafa samband við aðra kennara í greininni skv. 4. tölul. Þrátt fyrir það ber umsjónarkennari ábyrgð, gagnvart lagadeild, á þeim þáttum sem greindir eru í 1., 2. og 6. tölul. Gildir það jafnt þótt umsjónarkennari sé í rannsóknaleyfi.
6. Umsjónarkennari skal láta skrifstofu lagadeildar í té áætlun um vinnuframlag hvers kennara í námsgreininni. Skilafrestur er til 15. september vegna haustmíssis og 15. janúar vegna vormíssis. Ef breytingar verða á vinnuframlagi frá því, sem gert var ráð fyrir í áætlun, ber umsjónarkennara að koma upplýsingum um það til skrifstofunnar fyrir lok míssis.
7. Umsjónarkennari eða sá, sem annast umsjón greinar í umboði hans skv. 5. tölul., ber ábyrgð á því að einkunnir úr prófum í námsgreininni séu birtar í tæka tíð skv. 60. gr. reglna nr. 458/2000 um Háskóla Íslands.

STEFNA LAGAEILDAR 2006-2011

ÁVARP DEILDARFORSETA

Markmið lagadeildar Háskóla Íslands er að tryggja metnað, gæði og árangur í lagakennslu og rannsóknum.

Lagakennsla hefur verið stunduð við lagadeildina frá 1908 þegar Lagaskólinn tók til starfa, en hann rann síðan inn í Háskóla Íslands við stofnun hans 1911. Lagadeild Háskóla Íslands er elsta og stærsta lagadeildin hér á landi og býður upp á klassískt laganám eins og það er á hinum Norðurlöndunum og víðar í Evrópu. Starfsemi lagadeildarinnar byggir því á aldagamalli reynslu og er það engin tilviljun að stærsti hluti þeirra fræðirita, sem notuð eru við kennslu í íslenskri lögfræði við allar lagadeildir hér á landi, eru rituð af kennurum lagadeildar Háskóla Íslands.

Þótt við sem störfum við lagadeild séum stolt af þeim árangri sem náðst hefur er okkur ljóst að starf deildarinnar verður aldrei fullmótað þar sem lög og réttur svo og samfélag okkar tekur sífelldum breytingum. Í þessu stefnuskjali er lýst þeim breytingum sem unnið verður að í lagadeild á næstu árum. Sumar af þeim breytingum sem lagðar eru til getur deildin sjálf hrundið í framkvæmd. Aðrar eru ekki á forræði deildarinnar.

Lagadeildin hyggst á komandi árum festa í sessi það forskot sem hún hefur í rannsóknum og kennslu í grundvallargreinum lögfræðinnar og halda áfram markvissri uppbyggingu sérhæfðs meistaranáms fyrir innlenda og erlenda lögfræðinga. Fáir deildin til þess sanngjarnt svigrúm horfa starfsmenn deildarinnar björtum augum fram á veginn.

Páll Hreinsson
forseti lagadeildar Háskóla Íslands

VAXANDI DEILD

Lagadeild er alhliða háskóladeild á sviði lögfræði, þar sem fram fer kennsla í öllum helstu greinum lögfræðinnar og viðamiklar rannsóknir. Á síðustu tíu árum hefur orðið grundvallarbreyting á námi í lögfræði við lagadeild, námið verið endurskipulagt og því skipt í þriggja ára BA nám og tveggja ára meistaranám (mag. juris). Mikil áhersla hefur verið lögð á að efla rannsóknartengt nám og er skipulegt doktorsnám, sem nú er í boði við deildina, liður í því. Fjöldi skráðra nemenda í lagadeild hefur aukist á síðustu árum. Þannig voru 475 skráðir við deildina 2000-2001 en 558 2005-2006.

Sérkenni náms til BA-prófs í lögum við lagadeild Háskóla Íslands felst í því að þar er fjallað ítarlega annars vegar um aðferðafræði lögfræðinnar og hins vegar um grundvallargreinar hennar, en þessar greinar eru samofnar og undirstaða annarra sérhæfðari greina. Djúp og yfirgripsmikil þekking nemenda á þessum grundvallargreinum lögfræðinnar er því sá nauðsynlegi grunnur sem sérhæfing nemenda í meistaranámi byggir á um leið og hann er aðalsmerki hins klassíska lagaprófs.

Helsta einkenni meistaranáms við lagadeild er sá fjöldi kjörgreina sem nemendur geta valið úr. Jafnframt gefst þeim kostur á að velja greinar sem kenndar eru í öðrum deildum Háskólans. Þá gefst nemendum einnig færi á að taka hluta meistaranámsins við lagadeildir erlendra háskóla. Þetta gefur nemendum ómetanlegt tækifæri til þess að sérhæfa sig á ýmsum sviðum lögfræðinnar, en í harðnandi samkeppni er sérhæfing oft lykkillinn að bestu störfunum.

Lagadeild hóf að bjóða upp á alþjóðlegt meistaranám (LL.M.), kennt á ensku, fyrir íslenska og erlenda lögfræðinga á árinu 2003 meðal annars í tengslum við reynslu af gagnkvæmum nemendaskiptum á framhaldsnámsstigi við erlendar lagadeildir frá því á árinu 1995. Hefur nemendafjöldi frá öllum heimsálfum farið stigvaxandi síðan námið hófst. Unnið er nú að því að taka námið í heild sinni til endurmats með það fyrir augum að efla það og styrkja í ljósi reynslu undanfarinna ára. Með hinu alþjóðlega meistaranámi hefur lagadeildin stigið mikilvægt skref í átt til alþjóðavæðingar lagakennslu hér á landi.

Skipulegt doktorsnám (Ph.D.) hófst við lagadeild árið 2004. Markaði það ákveðin tímamót í starfsemi deildarinnar en deildin er eina lagadeild landsins sem býður upp á slíkt rannsóknartengt framhaldsnám.

Lagastofnun Háskóla Íslands er rannsóknarstofnun í lögfræði, sem starfar á vegum lagadeildar. Starfsemi Lagastofnunar hefur verið stórefld á síðustu misserum og hefur stofnunin þróast í að verða miðstöð rannsókna við deildina. Hefur það m.a. falist í því, að stofnunin hefur hafið útgáfu ritraðar um lögfræðileg efni, sem er afrakstur rannsókna í lögfræði. Á vegum stofnunarinnar er verið að vinna að viðamiklu rannsóknarverkefni, sem er samantekt íslenskrar lögfræðiorðabókar, en fyrirhuguð útgáfa hennar er á árinu 2008. Sumarið 2006 hefja störf tveir sérfræðingar í fullu starfi, og munu þeir eingöngu sinna rannsóknum í lögfræði, báðir á sviði auðlindaréttar. Störfin eru kostuð af utanaðkomandi aðilum og eru til þriggja ára. Stefnt er að

VIÐAUKI 3

frekari ráðningum sérfræðinga við Lagastofnun í framtíðinni. Loks veitir Lagastofnun öðrum rannsóknarstofnunum Háskólans þjónustu og hefur m.a. gert þjónustusamning við Mannréttindastofnun HÍ sem stendur fyrir margvíslegri útgáfustarfsemi og rannsóknum á sviði mannréttinda.

Starfsemi lagadeildar á hverjum tíma endurspeglar þarfir íslensks samfélags. Sú aukna sérhæfing sem deildin gefur nú nemendum sínum kost á er rökrétt afleiðing þess að störf eru að verða flóknari og margbreytilegri og gera meiri kröfu um sérfræðikunnáttu í lögfræði.

FRAMTÍÐARSÝN

Árið 2011 er lagadeild áfram með afgerandi forskot í rannsóknum og í lögfræðilegri umræðu. Við deildina er starfandi öflug rannsóknarstofnun í lögfræði sem hefur forystu í rannsóknum, enda hefur hún verulegt styrktarfé til rannsókna þar sem gerðir hafa verið samningar við atvinnulífið um rannsóknarverkefni auk þess sem hún aflar sér tekna með þjónusturannsóknum. Við Lagastofnun starfa 4 starfsmenn sem eingöngu sinna rannsóknum ásamt meistaranemum og doktorsnemum. Bókasafn lagadeildar hefur verið bætt verulega og útgáfa á rannsóknarverkefnum á vegum Lagastofnunar er öflug. Fram fara tvær doktorsvarnir á ári.

Árið 2011 er kennslan í enn meira mæli í formi gagnvirkra umræðna um raunhæf álitamál og hafa nemendur greiðan aðgang að ítarefni á öflugum bókasafni lagadeildar. Þá er aukin áhersla lögð á gagnapróf. Reglubundið innra gæðaeftirlit fer sem fyrr fram á vegum lagadeildar á námskefni námskeiða, kennsluháttum og útkomu á prófum. Reglubundið ytra eftirlit fer fram á vegum sjálfstæðra matsaðila (og/eða) fagfélaga lögfræðinga á sömu atriðum. Fastráðnir kennarar við lagadeild verða 1 á móti 17 nemendum árið 2011.

Lagadeild getur boðið starfandi lögfræðingum upp á sérhæfð námskeið og aflað með því tekna sem renna til rekstrar deildarinnar.

Árið 2011 byggist stjórnun deildarinnar sem fyrr á einföldu og skilvirku stjórnkerfi í sjálfstæðri lagadeild sem býr við viðunandi fjárveitingar, enda hefur deildin heimild til töku skólagjalda að því leyti sem fjárveitingar ríkisins hrökkva ekki fyrir rekstrarkostnaði. Lagadeild hefur á að skipa bæði góðum nemendum og framúrskarandi kennurum enda búa þeir við samkeppnishæf launakjör. Komið hefur verið á fót fjáröflunarneti fyrir deildina.

Árið 2011 hefur verið komið á ennþá virkari samskiptum við erlendar lagadeildir bæði í rannsóknum og kennslu. Lagadeildin er miðstöð ráðstefnuhalds í lögfræði og útgáfu á afrakstri lögfræðilegra rannsókna. Lagadeild heldur sem fyrr uppi góðum tengslum við útskrifaða lögfræðinga frá deildinni og styrkir jákvæð viðhorf í garð deildarinnar. Lagadeild Háskóla Íslands hefur áfram sterka ímynd sem leiðandi rannsóknar- og kennslustofnun og rannsóknir við hana eru m.a. kostaðar af fyrirtækjum.

MARKMIÐ OG AÐGERÐIR 2006-2011

1. AÐALMARKMIÐ: FRAMÚRSKARANDI RANNSÓKNIR

Lagadeild stefnir að því að stórefla rannsóknir og viðhalda forystu sinni hér á landi í rannsóknum á sviði lögfræði og er takmarkið að magn og gæði rannsókna jafnist á við samanburðarháskóla í lögfræði á Norðurlöndum.

Aðgerðaáætlun:

1. Stórefling rannsókna

- Aflað verði fjár til að styrkja áherslusvið deildarinnar þannig að rannsóknarframlög verði tvöfalt hærri.
- Auka þarf rannsóknarframlög til deildar og Lagastofnunar.
- Auka þarf framlög til rannsókna í meistaranámi og doktorsnámi.
- Stefna ber að því að gera einn samning um kostun rannsókna árlega.

2. Að auka fé til bókakaupa um 20% á ári.

- Lagadeild þarf að auka framlag sitt til bókakaupa.
- Knýja þarf á um að Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn sinni skyldum sínum og taki þátt í að kaupa bækur og greiða fyrir annað efni á sviði lögfræði. Setja þarf fram formlega kröfu þar um.

3. Ráða skal einn nýjan starfsmann á ári sem eingöngu sinnir rannsóknum.

- Stefna ber að því að gera einn kostunarsamning á ári um stöðu við Lagastofnun til þess að sinna rannsóknum.
- Skapa þarf vinnuaðstöðu fyrir starfsmenn sem eingöngu sinna rannsóknum.
- Laða skal að sem hæfasta starfsmenn til að sinna rannsóknum.

4. Að útskrifa tvo doktorsnema á ári frá og með árinu 2008.

- Að gerður verði samstarfssamningur við Háskólann í Kaupmannahöfn og e.t.v. aðra háskóla á Norðurlöndum um að íslenskir nemendur geti tekið nám sitt í aðferðafræði við þá.
- Útbúinn verði kynningarbæklingur um doktorsnámið.
- Útbúin verði góð starfsaðstaða fyrir doktorsnema í Lögbergi og kappkostað að byggja upp bókakost á rannsóknarsviðum þeirra.
- Kynna ber möguleika á styrkjum og kostun í doktorsnámi.
- Haft verði virkt aðhald með doktorsnemunum þannig að þeir ljúki námi sínu á tilsettum tíma.
- Að leitað verði til fyrirtækja og stofnana um samstarf og stuðning í tengslum við doktorsnám.

5. Að möguleikar kennara til rannsókna verði auknir m.a. með aðstoðarmönnum.

- Hvetja ber kennara til að sækja í auknum mæli um styrki í aðstoðarmannasjóð og aðra samkeppnissjóði s.s. rannsóknarsjóð HÍ.
- Koma ber upp vinnuaðstöðu fyrir aðstoðarmenn innanhúss.

6. *Að gefa út a.m.k. þrjú rannsóknarrit á ári.*
 - Stærri fræðiritgerðir verði gefnar út í ritröð Lagastofnunar.
 - Veittir verði styrkir meðal annars til þýðinga og aðstoðar við útgáfu.
7. *Að tvöfalda rými bókasafns.*
 - Unnið verði að því að flytja tölvuver frá 3. hæð niður á 1. hæð Lögbergs þannig að hægt verði að taka tölvuversstofu á 3. hæð undir bókasafn.
 - Flytja ber ljósritunaraðstöðu inn á safnið.
 - Bæta ber öryggismál bókasafnsins og setja upp öryggishlið við útgang.
8. *Að meirihluti nemenda eigi kost á þátttöku í viðamiklum rannsóknum.*
 - Auglýsa skal eftir nemendum til rannsókna.
 - Hvetja ber kennara til að nýta nemendur með sér við rannsóknir. Afla skal fjár til slíkra rannsókna með því að sækja um rannsókn- og aðstoðarmannastyrki.
9. *Að helmingur af starfi kennara fari til rannsókna.*
 - Draga ber úr stjórnunarálagi kennara með því að styrkja stjórnsýslu deildar.
 - Auka skal valdheimildir deildarforseta þannig að deildarfundur taki almennt aðeins stefnumótandi ákvarðanir.
 - Fjölga ber föstum kennurum þannig að tveir nýir kennarar séu ráðnir á ári.
10. *Að gefa út rit á öllum grundvallarsviðum íslenskrar lögfræði.*
 - Virða ber rannsóknarþátt kennara í starfi.
 - Hvetja skal kennara til að leita sér aðstoðar við rannsóknir.
 - Skapa ber farveg til útgáfu rannsóknarita.
 - Styrkja skal kennara vegna útgáfukostnaðar með því að auka kvóta kennara vegna kostnaðar um 50%.
11. *Að efla nýja þekkingu og þróa fræðasvið með auknu samstarfi á sviði rannsókna*
 - Auðvelda kennurum og hvetja þá til að taka þátt í alþjóðlegum rannsóknum.
 - Styðja þátttöku kennara í þverfaglegum rannsóknum.

2. AÐALMARKMIÐ: FRAMÚRSKARANDI KENNSLA

Lagadeild brautskráir lögfræðinga sem standast alþjóðlegar gæðakröfur. Til þess að viðhalda megi þessu verða kennarar og nemendur að búa við góða aðstöðu sem skapar skilyrði fyrir framúrskarandi kennslu. Lagadeild gerir bæði miklar kröfur til kennara og nemenda um árangur í kennslu og námi.

Aðgerðaáætlun:

1. *Laða að hæfustu nemendum og skapa fyrirmyndar námsumhverfi*
 - Unnið verður að því að afla styrkja og verðlauna til afburðanemenda
 - Unnið verður að því að bæta og endurnýja aðstöðu.
 - Ávallt liggja fyrir ítarlegar og aðgengilegar upplýsingar um námsframboð við lagadeild.
2. *Að lagadeild hafi áfram á að skipa bestu kennurunum í lögfræði hér á landi.*
 - Þjóða verður kennurum upp á gott starfsumhverfi.
 - Hlutfall kennara í fullu starfi á nemanda verði 1:17 við lagadeildina árið 2011.
 - Lögð verði áhersla á að bæta kjör stundakennara.
3. *Hver umsjónarkennari hafi einn aðstoðarmann úr hópi laganema.*
 - Umsjónarkennari auglýsi eftir aðstoðarmanni á hverju ári til eins árs og sækji um launagreiðslur til hans úr aðstoðarmannasjóði.
 - Lagadeild greiði einnig ákveðna þóknun til aðstoðarmanns.
4. *Hlutfall kennara og stjórnarsýslu deildar 3/1*
 - Fjölga verður starfsmönnum í stjórnarsýslu.
 - Skilgreina skal þarfir og kröfur til reynslu og menntunar starfsmanna.
5. *Fjárveiting til bókasafns tvöfölduð.*
 - Halda skal kynningarfund um fjársveldi bókasafns fyrir lögfræðinga og fulltrúa stjórnvalda til þess að auka skilning á erfiðri stöðu bókasafnsins.
 - Leitað verði til Hollvinafélags lagadeildar til þess að efla bókakost safnsins.
6. *Ráðinn verði kennslustjóri sem stýrir faglegri námsráðgjöf og tengslum nemenda við innlenda og erlenda háskóla.*
7. *Fjölgað verði verkefnatímum í kennslu þannig að árið 2011 verði 50% vinnustunda í framhaldsnámi í formi umræðutíma.*
8. *Haldið verði áfram að auka vægi verkefna í námsmati þannig að árið 2011 verði a.m.k. 50% námsmats í formi verkefna í öllum námskeiðum.*
9. *Aukin verði þátttaka meistara- og doktorsnema í kennslu.*
10. *Viðhaldið verði áfram miklum námskröfum.*

VIÐAUKI 3

- Fram fari árlega úttekt lagadeildar á frammistöðu nemenda í einstökum námskeiðum sem fjallað verði um á deildarfundum.
- Kannaðir verði möguleikar á reglubundinni úttekt sérfræðinga í kennslufræðum og fulltrúa fagfélaga lögfræðinga á kennslu í lagadeild.

11. Lagadeild taki upp öfluga endurmenntun sem heimilt verður að selja á markaðskjörum.

3. AÐALMARKMIÐ: FRAMÚRSKARANDI STJÓRNUN OG STÖÐÞJÓNUSTA

Lagadeild Háskóla Íslands ætlar að viðhalda stöðu sinni sem virkasta og virtasta lagadeildin hér á landi. Til þess þarf lagadeildin að fá að hafa áfram skilvirkt og sveigjanlegt stjórnkerfi og auknar fjárveitingar til þess að styðja betur við rannsóknir og kennslu með góðri stöðþjónustu.

Aðgerðaáætlun:

- 1. Fulltrúar lagadeildar verða að beita sér fyrir endurskoðun á deililíkani með það að markmiði að hlutur lagadeildar verði réttur.*
- 2. Knúið verði á um verulega hækkun fjárveitinga frá ríki til Háskóla Íslands í lægsta reikniflokki.*
- 3. Ef hækkanir skv. lið 1 og 2 eru ekki viðunandi, verður lagadeild að vinna að því að fá heimild til tóku skólagjalda.*
- 4. Vinna verður að því að Háskóli Íslands fái heimild til þess að selja þjónusturannsóknir og aðgang að endurmenntunarnámskeiðum við deildina á markaðskjörum.*
- 5. Unnið verði að því að fá stöður og afmarkaðar rannsóknir kostaðar af einkaaðilum og opinberum aðilum. Árið 2011 verði fjórðungur af föstum kennurum og vísindamönnum í fullu starfi kostaður af atvinnulífi og öðrum stofnunum.*
- 6. Unnið verði ötullega að kynningarmálum í lagadeild.*
- 7. Að kennarar lagadeildar njóti áfram sjálfstæðis í rannsóknum og faglegum málefnum.*

FRAMKVÆMD OG EFTIRFYLGNI

Deildarforseti ber ábyrgð á framkvæmd stefnunnar í heild en allir starfsmenn deildarinnar bera ábyrgð á því sem undir þá heyrir. Skrifstofustjóri og forstöðumaður Lagastofnunar hafa umsjón með framkvæmd stefnunnar á þeim sviðum sem undir þá heyra.

Deildarforseti fundar reglulega með öðrum starfsmönnum deildarinnar til að fara yfir framkvæmd stefnunnar og ákveða næstu skerf. Þá er stefnan rædd á deildarfundum og í stjórn Lagastofnunar.

Reglur fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009, X. kafli um lagadeild,
gildistaka 1. júlí 2009

LAGADEILD

90. gr. Kennslugreinar, prófgráður og námseiningar

Lagadeild veitir kennslu til BA-prófs og meistaraprófs í lögfræði. Meistarapróf í lögfræði er jafngildi kandidateksprófs. Sá sem hefur lokið meistaraprófi við lagadeild ber próftítilinn magister juris (mag. jur.). Enn fremur veitir deildin kennslu til meistaraprófs í umhverfis- og auðlindafræði og öðrum þverfræðilegum greinum í samvinnu við aðrar háskóladeildir, þar sem nauðsynleg aðstaða er fyrir hendi.

Auk kennslu stendur deildin fyrir rannsóknum á fræðasviðum deildarinnar.

Kennsla fer fram í námsgreinum sem metnar eru til námseininga. Nám í lögfræði til BA-prófs jafngildir 180 einingum. Nám í lögfræði til meistaraprófs jafngildir 300 einingum, þ.e. 120 einingum í framhaldsnámi að loknu BA-prófi.

Námsgreinar til BA-prófs í lögfræði eru: Almenn lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu, inngangur að lögfræði, Evrópuréttur, heimspékileg forspjallsvísindi, stjórnskipunarréttur ásamt ágripi af þjóðarétti, sifja- og erfðaréttur, skaðabótaréttur, samningaréttur, eignaréttur, stjórnsýsluréttur I, stjórnsýsluréttur II, refsiréttur I, refsiréttur II, réttarfar I, réttarfar II, kröfuréttur I og kröfuréttur II. Stúdent skal þar að auki standa skil á ritgerð eða ljúka öðru sambærilegu verkefni. Lagadeild tekur ákvarðanir um vægi námsgreina þessara og ritgerðar (eða annars verkefnis) til BA-prófs og niðurröðun þeirra á misseri, sbr. þó 91. gr.

Framhaldsnám í lögfræði til meistaraprófs er 120 einingar. Það er fólgið í námsgreinum sem vega samtals 90 einingar og ritgerð sem vegur 30 einingar. Stúdent útskrifast með meistarapróf í lögfræði, magister juris (mag. jur.). Heimilt er að velja áherslusvið í meistaránámi í samræmi við reglur lagadeildar.

Í lagadeild er heimilt að bjóða upp á sérstakt nám til meistaraprófs og doktorsprófs í lögfræði, á íslensku eða á ensku, samkvæmt nánari reglum sem lagadeild setur og háskólaráð staðfestir, sbr. 66. – 69. gr. reglna þessara. Sá sem hefur lokið meistaránámi í auðlindarétti og alþjóðlegum umhverfisrétti við lagadeild, eftir BA-próf í lögfræði eða sambærilegt nám, ber próftítilinn LL.M. (Master of Laws) in Natural Resources Law and International Environmental Law.

Lagadeild setur nánari reglur um nám við lagadeild, þ. á m. um BA-nám og framhaldsnám í lögfræði.

Lagadeild setur reglur um viðurkenningu fyrra náms við endurskráningu stúdenta og umskráningu úr öðrum deildum.

91. gr. Námsframvinda, próf, lágmarkseinkunnir og hámarksnámsstími

Á fyrsta misseri BA-náms í lögfræði, haustmisseri, getur stúdent eingöngu skráð sig til náms í þremur námsgreinum, þ.e. almennri lögfræði ásamt ágrípi af réttarsögu, inngangi að lögfræði og Evrópurétti. Á vормisseri fyrsta námsárs getur stúdent eingöngu skráð sig til náms í stjórnskipunarrétti ásamt ágrípi af þjóðarétti, sífja- og erfðarétti og heimspekilegum forspjallsvísindum. Skilyrði þess að stúdent geti skráð sig í aðrar námsgreinar í BA-námi er að hann hafi staðist próf í almennri lögfræði ásamt ágrípi af réttarsögu og inngangi að lögfræði.

Heimilt er umsjónarkennara í hverri námsgrein til BA-prófs að leggja þá skyldu á stúdenta að leysa af hendi allt að tveimur verkefnum meðan þeir stunda nám í greininni. Slík skylduverkefni gilda ekki sem hluti af námsmati nema svo sé sérstaklega kveðið á um.

Próf í námsgreinum til BA-prófs skulu vera skrifleg.

Próf í inngangi að lögfræði skal haldið á miðju kennslutímabili á haustmisseri, en próf í öllum öðrum námsgreinum til BA-prófs skulu haldin í lok kennslutímabils. Sjúkra- og upptökupróf í inngangi að lögfræði og almennri lögfræði skulu eingöngu haldin á vorpróftímabili. Um önnur sjúkra- og upptökupróf fer eftir ákvæðum 56. gr. þessara reglna.

Til að standast próf í BA-námi í lögfræði verður stúdent að hljóta minnst einkunnina 6,0 í öllum námsgreinum hverri um sig. Lokaeinkunn til BA-prófs í lögfræði skal reiknuð sem vegið meðaltal einkunna úr einstökum námsgreinum.

Stúdent er ekki heimilt að gangast oftari en fjórum sinnum undir sama prófi í námsgreinum í BA-námi. Falli stúdent fjórum sinnum á prófi í sömu námsgrein í BA-námi, er hann fallinn úr lagadeild.

Lagadeild getur heimilað að laganám sem stundað hefur verið við aðra háskóla verði metið sem hluti af BA-námi.

Stúdent skal hafa lokið BA-prófi í lögfræði eigi síðar en á því almanaksári þegar fimm ár eru liðin frá innritun hans í BA-nám við lagadeild. Lagadeild getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum um tímamörk ef veikindi eða aðrar vítaleysisástæður koma til.

Stúdent skal hafa lokið BA-prófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands áður en hann hefur framhaldsnám í lögfræði til meistaraprófs. Lagadeild getur heimilað að stúdent, sem lokið hefur sambærilegu prófi frá öðrum háskóla, hefji framhaldsnám við deildina til meistaraprófs.

Fyrir hver áramót ákveður lagadeild þær námsgreinar í framhaldsnámi sem boðnar verða til kennslu á næsta háskólaári, að minnsta kosti 10 námsgreinar á hvoru misseri.

Í framhaldsnámi skal stúdent velja sér efnissvið til ritgerðar eða annars lokaverkefnis. Stúdent er heimilt að velja áherslusvið í lögfræði til meistaraprófs (mag. jur.) og skal þá ritgerðarefni eða annað lokaverkefni vera á því sviði. Hvert áherslusvið hefur að geyma ákveðnar kjarnagreinar í samræmi við reglur lagadeildar. Stúdent skal velja einn af kennurum deildarinnar sem umsjónarkennara í lokaverkefni og skal valið háð samþykki kennarans og lagadeildar. Stúdent skal þreyta próf úr efni ritgerðar eða lokaverkefnis og skal tekið tillit til frammistöðu hans þegar gefin er einkunn fyrir ritgerðina eða verkefnið. Í stað prófs má gefa stúdent kost á að gera grein fyrir efni ritgerðar eða verkefnis opinberlega. Stúdent getur ekki

lokið ritgerð eða lokaverkefni nema hann hafi áður staðist próf í námsgreinum sem veða að minnsta kosti 70 einingar alls. Lagadeild setur reglur um kröfur sem gerðar skulu til ritgerðar og lokaverkefnis, einingafjölda þeirra og hlutverk umsjónarkennara.

Lagadeild ákveður fyrirkomulag prófa í framhaldsnámi, þ. á m. getur deildin ákveðið að próf í einstökum námsgreinum verði haldin á miðju kennslutímabili. Heimilt er að ákveða að ritgerðir eða önnur námsvinna komi í stað prófs í námsgrein, að hluta eða öllu leyti. Stúdent má ekki gangast oftár en tvisvar sinnum undir sama próf í námsgreinum í framhaldsnámi. Um sjúkra- og upptökupróf fer að öðru leyti eftir ákvæðum 56. gr. þessara reglna.

Til að standast próf í framhaldsnámi í lögfræði verður stúdent að hljóta minnst einkunnina 6,0 í öllum námsgreinum, hverri um sig, og einnig fyrir meistararitgerð (eða annað lokaverkefni). Lokaeinkunn til meistaraprófs í lögfræði skal reiknuð sem vegið meðaltal einkunna úr einstökum námsgreinum í framhaldsnámi.

Lagadeild getur heimilað að nám við aðrar háskóladeildir eða aðra háskóla verði metið sem hluti af framhaldsnámi, þó að hámarki 60 einingar alls. Áskilið er, að nám við aðrar háskóladeildir eða háskóla hafi, að mati lagadeildar, slíkt tengsl við lögfræði, að eðlilegt þyki að meta það sem hluta af laganámi. Lagadeild getur enn fremur heimilað að námsvist hjá fyrirtæki eða stofnun, sem hlotið hefur viðurkenningu lagadeildar samkvæmt reglum sem deildin setur, verði metin sem hluti af framhaldsnámi, þó að hámarki 6 einingar alls. Þátttaka í alþjóðlegri eða norrænni málflutningskeppni getur komið að hluta eða í heild í stað námsvistar.

Stúdent skal hafa lokið meistaraprófi í lögfræði eigi síðar en á því almanaksári þegar fjögur ár eru liðin frá innritun hans í framhaldsnám við lagadeild. Lagadeild getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði um tímamörk ef veikindi eða aðrar vítaleysisástæður koma til.

Fræðasvið félagsvísinda gerir árlega, að tillögu lagadeildar, ef þörf krefur, rökstuddar tillögur til háskólaráðs um takmörkun á fjölda stúdenta í meistara- og doktorsnámi við deildina. Ákvörðun háskólaráðs skal tilkynna fyrir upphaf þess háskólaárs, sem hún tekur til. Háskólaráð setur, að fengnum tillögum deildar, reglur um hvernig staðið skuli að inntöku stúdenta og skulu þær birtar í kennsluskra á hvert.

Reglur um BA-nám í lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands

[Samþykktar á deildarfundi 25. ágúst 2009]

1. gr.

Lagadeild veitir kennslu til BA-prófs í lögfræði. Kennsla fer fram í námsgreinum sem metnar eru til námseininga. Nám í lögfræði til BA-prófs jafngildir 180 ECTS námseiningum.

2. gr.

Námsgreinar til BA-prófs í lögfræði, vægi hvernar þessara greina og niðurröðun þeirra á kennslumisseri er eins og að neðan greinir:

1. ár - haustmisseri, 30 ECTS e:	
Almenn lögfræði ásamt ágrípi af réttarsögu	18 ECTS e.
Inngangur að lögfræði	6 ECTS e.
Evrópuréttur	6 ECTS e.
1. ár - vormisseri, 30 ECTS e:	
Heimspækileg forspjallsvísindi	5 ECTS e.
Síftja- og erfðaréttur	10 ECTS e.
Stjórnskipunarréttur ásamt ágrípi af þjóðarétti	15 ECTS e.
2. ár - haustmisseri, 30 ECTS e:	
Samningaréttur	10 ECTS e.
Skaðabótaréttur	15 ECTS e.
Stjórnsýsluréttur I	5 ECTS e.
2. ár - vormisseri, 30 ECTS e:	
Eignaréttur	15 ECTS e.
Stjórnsýsluréttur II	15 ECTS e.
3. ár - haustmisseri, 30 ECTS e:	
Kröfuréttur I	10 ECTS e.
Refsiréttur I	10 ECTS e.
Réttarfar I	10 ECTS e.
3. ár - vormisseri, 30 ECTS e:	
Kröfuréttur II	8 ECTS e.
Refsiréttur II	8 ECTS e.
Réttarfar II	8 ECTS e.
BA-ritgerð	6 ECTS e.

3. gr.

Heimilt er umsjónarkennara í hverri námsgrein í BA-námi að leggja þá skyldu á stúdenta, að þeir leysi af hendi allt að tveimur æfingum meðan þeir stunda nám í viðkomandi grein. Nánar um æfingaskyldu vísast til reglna um æfingaskyldu stúdenta í lagadeild Háskóla Íslands.

4. gr.

Um kennslumisseri fer eftir almennum ákvæðum reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Lagadeild getur ákveðið frávik þegar sérstaklega stendur á.

Próf í inngangi að lögfræði skal haldið á miðju kennslutímabili á haustmisseri, en próf í öllum öðrum námsgreinum til BA-prófs skulu haldin í lok viðkomandi kennslutímabils. Sjúkra- og upptökupróf í inngangi að lögfræði og almennri lögfræði ásamt ágrípi af réttarsögu skulu eingöngu haldin á vorpróftímabili. Um próftímabil lagadeildar, þar á m. um sjúkra- og upptökupróf, fer að öðru leyti eftir 56. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Lagadeild getur ákveðið frávik þegar sérstaklega stendur á.

Próftími í skriflegum prófum í BA-námi skal að jafnaði ekki vera lengri en þrjár klukkustundir.

Próf í námsgreinum í BA-námi skulu vera skrifleg og skulu þau byggð á námsefni næstliðins misseris nema annað sé skýrt tekið fram.

5. gr.

Til að standast próf í BA-námi í lögfræði verður stúdent að hljóta minnst einkunnina 6,0 í öllum námsgreinum hverri um sig. Lokaeinkunn til BA-prófs í lögfræði skal reiknuð sem vengið meðaltal einkunna úr einstökum námskeiðum.

Stúdent er ekki heimilt að gangast oftar en fjórum sinnum undir sama próf í námsgreinum í BA-námi. Falli stúdent fjórum sinnum á prófi í sömu námsgrein í BA-námi er hann fallinn úr lagadeild.

6. gr.

Á fyrsta misseri BA-náms í lögfræði, haustmisseri, getur stúdent eingöngu skráð sig til náms í þremur námsgreinum, þ.e. almennri lögfræði ásamt ágrípi af réttarsögu, inngangi að lögfræði og Evrópurétti.

Á vормisseri fyrsta námsárs getur stúdent eingöngu skráð sig til náms í stjórnskipunarrétti ásamt ágrípi af þjóðarétti, sifja- og erfðarétti og heimspekilegum forspjallsvísindum.

Skilyrði þess að stúdent geti skráð sig í aðrar námsgreinar í BA-námi en sem nefndar eru í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, er að hann hafi staðist próf í almennri lögfræði ásamt ágrípi af réttarsögu og inngangi að lögfræði.

7. gr.

Stúdent getur sótt um að fá metið sem hluta BA-námsins námskeið, í einhverri þeirra greina sem taldar eru í 2. gr., sem hann hefur lokið í grunnnámi við lagadeild annars háskóla að því tilskildu að efni þess og kennslumagn sé sambærilegt og hann hafi hlotið að lágmarki einkunnina 6,0.

Námskeið sem lokið er í öðrum háskóla og metið er inn í BA-námið samkvæmt 1. mgr. skal fært inn á námsferil stúdents með merkingunni „metið“.

Námskeið sem lokið er í öðrum háskóla skal ekki viðurkennt til fleiri eininga í BA-náminu en sama námsgrein er metin til samkvæmt 2. gr.

Umsókn um að fá námskeið metið samkvæmt 1. mgr. skal send námsnefnd lagadeildar ásamt upplýsingum um skipulag þess, lesefni og námstílhögun að öðru leyti. Námsnefnd skal eftir atvikum leita umsagnar umsjónarkenningara lagadeildar í viðeigandi grein samkvæmt 2. gr. áður afstaða er tekin til umsóknarinnar.

8. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 7. mgr. 90. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 og öðlast gildi þegar í stað. Á sama tíma falla úr gildi reglur um BA-nám í lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands frá 2. júlí 2002 með síðari breytingum

48 NÁMSKEIÐ Í FRAMHALDSNÁMI Í LÖGFRÆÐI Á ÍSLENSKU

Almannatryggingaréttur	Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlaða
Almennur viðskipta- og neytendaréttur	Ofbeldisbrot frá sjónarhóli kvennaréttar
Alþjóða viðskiptaréttur	Opinbert eftirlit með fjármála- og viðskiptam...
Alþjóðlegur einkamálaréttur	Persónuréttur I - Almenn persónuvernd
Auðkennaréttur	Persónuréttur II- Persónuupplýsingar og einka...
Auðlindaréttur I (Inngangur - Auðlindir á la...	Rafbréf og önnur viðskiptabréf
Einkaleyfi og hönnunarvernd	Réttarheimspeki
Evrópskar mannréttindareglur	Samanburðarlögfræði
Evrópuréttur I	Samkeppnisréttur
Evrópuréttur II	Skattaréttur I - íslenskur
Fasteignakauparéttur	Skattaréttur II - alþjóðlegur
Félagaréttur I	Skuldaskilaréttur
Félagaréttur II (Félaga- og kauphallarréttur)	Starfsmannaréttur
Fjármuna- og efnahagsbrot	Stjórnsýsluréttur III
Fjölmiðlaréttur	Sveitarstjórnarréttur
Fullnustugerðir	Umhverfisrefsiréttur
Hlutverk dómara og lögmannna við...	Umhverfisréttur
Höfundaréttur	Upplýsingatækniréttur
Kvennaréttur	Vátryggingaréttur
Lagadanska	Veðréttur og ábyrgðir
Lagasetning, undirbúningur, gæði og eftirlit	Verðbréfamarkaðsréttur
Leiguréttur	Verktaka- og útboðsréttur
Lögskýringar	Viðurlög og viðurlagapólitik
Mannréttindi barna í ljósi nýrra tíma	Vinumarkaðsréttur

20 NÁMSKEIÐ Í FRAMHALDSNÁMI Í LÖGFRÆÐI Á ENSKU

Basic Course in Public International Law	International Economic Law
EC Environmental Law	International Environmental Law I
EEA and EFTA Law	International Environmental Law II
EU Directives on Data Protection and...	International Human Rights Law
EU/EEA Competition Law	International Law on Sustainable Development
EU/EEA Economic Law	Law of Armed Conflicts
EU/EEA Fisheries Rules and Policies	Natural Resources Law I (Basic Course)
Icelandic and European Legal History	Natural Resources Law II (Law of the Sea)
International Copyright Law	Natural Resources Law III (Fisheries Policy)
International Criminal Law	Topics in Political and Constitutional Theory

**Námskeið í meistaranámi
skólaárið 2009-2010**

Haust 2009:

LÖG103F	Hlutverk dómara og lögmanna
LÖG405F	Persónuréttur I
LÖG125F	Almennur viðskipta- og neytendaréttur
LÖG233F	Samkeppnisréttur II
LÖG126F	Leiguréttur
LÖG116F	Umhverfisrefsiréttur
LÖG107F	Ísl. skattaréttur Almennur f.h.
LÖG131F	Ísl. skattaréttur Sérstakur s.h.
LÖG117F	Sveitarstjórnaréttur
LÖG102F	Félagaréttur I
LÖG304F	Lagasetning, undirbúningur, gæði og eftirlit
LÖG305F	Réttarheimspeki f.h.
LÖG242F	Jessup máflutningskeppnin
LÖG308F	Mannréttindi barna

LLM/ensk námskeið

LÖG109F	Basic Course in Public Int. Law F.h
LÖG110F	International Environmental Law I
LÖG111F	International Human Rights Law S.h.
LÖG112F	International Law on Sust. Dev.
LÖG114F	EC Environmental Law

Vor 2010:

LÖG132F	Almannatryggingaréttur
LÖG222F	Starfsmannaréttur
LÖG227F	Fasteignakauparéttur f.h.
LÖG203F	Fullnustugerðir f.h.
LÖG206F	Skuldaskilaréttur s.h.
LÖG202F	Félagaréttur II s.h.
LÖG208F	Norræna máflutningskeppnin
LÖG133F	Jessup máflutningskeppnin
LÖG209F	Alþj. skattaréttur –almennur f.h.
LÖG240F	Alþj. skattaréttur –sérstakur s.h.
LÖG135F	Auðkennaréttur
LÖG229F	Máflutningskeppni Orators
LÖG239F	Alþjóðlegur einkamálaréttur
LÖG223F	Persónuréttur II

LLM/ensk námskeið

LÖG212F	Natural Resources Law
LÖG213F	Law of the Sea
LÖG235F	Law of Armed Conflict
LÖG243F	EU-EEA Law I f.h.
LÖG244F	EU-EEA Law II s.h.
LÖG234F	International Economic Law

f.h. = hraðnámskeið á fyrri hluta annar

s.h. = hraðnámskeið á seinni hluta annar

Reglur um áherslusvið í framhaldsnámi í lögfræði til meistaraprófs (mag. jur.)

Samþykktar á deildarfundum í lagadeild 31. október 2006 m. breytingum samþykktum á deildarfundum 26. febrúar 2008, 31. mars 2009 og 29. september 2009.

1. gr.

Áherslusvið í framhaldsnámi í lögfræði til meistaraprófs í lögfræði (mag. jur.) og próftitlar eru:

Meistari í lögfræði (mag. jur.) með áherslu á stjórnarsýslurétt

1. Stjórnarsýsluréttur III
2. Sveitarstjórnarréttur
3. Almennatryggingaréttur eða umhverfisréttur eða íslenskur skattaréttur-sérstakur hluti.
4. Starfsmannaréttur eða persónuréttur I, eða íslenskur skattaréttur-almennur hluti.
5. Persónuréttur II eða opinbert eftirlit með fjármála- og viðskiptamarkaðnum

Meistari í lögfræði (mag. jur.) með áherslu á refsirétt

1. Viðurlög og viðurlagapólitik
2. Fjármuna- og efnahagsbrot
3. Umhverfisrefsiréttur
4. Ofbeldisbrot frá sjónarhóli kvennaréttar
5. International Criminal Law eða hlutverk dómara og lögmanna

Meistari í lögfræði (mag. jur.) með áherslu á réttarfar

1. Hlutverk dómara og lögmanna
2. Fullnustugerðir
3. Skuldaskilaréttur
4. Lögskýringar
5. Þátttaka í alþjóðlegri málflutningskeppni eða réttarheimspeki.

Meistari í lögfræði (mag. jur.) með áherslu á umhverfis- og auðlindarétt

1. Umhverfisréttur
2. International Environmental Law
3. Natural Resources Law
4. Law of the Sea
5. International Economic Law eða EC Environmental Law.

Meistari í lögfræði (mag. jur.) með áherslu á þjóðarétt

1. Basic Course in Public International Law
2. International Human Rights
3. Law of the Sea
4. International Economic Law eða Law of Armed Conflict eða Evrópskar mannréttindareglur.
5. International Environmental Law eða samanburðarlögfræði eða þátttaka í alþjóðlegri málflutningskeppni

Meistari í lögfræði (mag. jur.) með áherslu á persónu- og hugverkarétt

1. Persónuréttur I
2. Persónuréttur II
3. Auðkennaréttur eða einkaleyfi og hönnunarvernd
4. Höfundaréttur eða upplýsingatækniréttur
5. Fjölmíðlaréttur

Meistari í lögfræði (mag. jur.) með áherslu á Evrópurétt

1. EU-EEA Law I
2. EU-EEA Law II
3. Public International Law
4. Samkeppnisréttur I eða samkeppnisréttur II
5. EC Environmental Law eða Evrópskar mannréttindareglur eða þátttaka í alþjóðlegri málflutningskeppni

Meistari í lögfræði (mag. jur.) með áherslu á fjármunarétt

1. Almennur viðskipta- og neytendaréttur
2. Fasteignakauparéttur
3. Verktaka- og útboðsréttur
4. Leiguréttur eða vátryggingaréttur
5. Fullnustugerðir eða skuldaskilaréttur eða veðréttur og ábyrgðir

Meistari í lögfræði (mag. jur.) með áherslu á félagarétt

1. Verðbréfamarkaðsréttur
2. Félagaréttur I
3. Félagaréttur II
4. Samkeppnisréttur I
5. Samkeppnisréttur II eða veðréttur og ábyrgðir eða opinbert eftirlit með fjármála- og viðskiptamarkaðnum eða rafbréf og önnur viðskiptabréf.

Meistari í lögfræði (mag. jur.) með áherslu á viðskipta- og skattarétt

1. Íslenskur skattaréttur – almennur hluti.
2. Íslenskur skattaréttur – sérstakur hluti.
3. Alþjóðlegur skattaréttur – almennur hluti.
4. Alþjóðlegur skattaréttur – sérstakur hluti
5. Opinbert eftirlit með fjármála- og viðskiptamarkaðnum eða félagaréttur

2. gr.

Í sérstökum tilvikum getur rannsóknanámsnefnd heimilað aðra samsetningu áherslusviðs samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Deildarfundur lagadeildar skal að tillögu deildarforseta tilnefna umsjónarkennara úr hópi fastra kennara deildarinnar fyrir sérhvert ofangreint áherslusvið í meistaranámi.

Hlutverk umsjónarkennara með áherslusviði er að annast um að jafnan sé fyrir hendi nægilegt framboð námskeiða á viðkomandi áherslusviði og að þau námskeið sem eru í boði séu kennd með reglulegu millibili (þ.e. á tveggja ára fresti hið minnsta).

Teljast efni meistararitgerðar eða verkefnis vera á tilteknu áherslusviði meistaranáms við lagadeild skal fengið samþykki umsjónarkennara með viðkomandi áherslusviði þegar umsjón af hálfu annarra en fastra kennara lagadeildar er ákveðið.

4. gr.

Reglur þessar taka þegar gildi.

Samstarfsskólar lagadeildar Háskóla Íslands

Erasmus og Nordplus samstarfsskólar lagadeildar

Austurríki	Innsbruck	Leopold-Franzens-Universität Innsbruck
	Salzburg	Universität Salzburg
Belgía	Leuven	Katholieke Universiteit Leuven
	Gent	Universiteit Gent
Bretland	Sheffield	The University of Sheffield
Danmörk	Arhus	Arhus Universitet
	København	Københavns Universitet
Frakkland		Université François Rabelais (Tours)
		Université d'Aix-Marseille III (Droit, Économie, Sciences)
	Paris	Université Paris Descartes Université de Cergy Pontoise
Finnland	Turku	University of Turku
	Helsinki	University of Helsinki University of Lapland
		University of Athens
Grikkland	Athens	University of Athens
Holland	Rotterdam	ERASMUS Universiteit Rotterdam
	Groningen	Rijksuniversiteit Groningen
Ítalía	Genova	Università degli studi di Genova
	Milano	Università Degli Studi di Milano-Bicocca Università degli Studi del Sannio
		Mykolo Romero Universitatas
Litháen		
Noregur	Oslo	Universitetet i Oslo
	Tromsø	Universitetet i Tromsø
	Bergen	Universitet i Bergen
Pólland		Uniwersytet Jagiellonski
Slóvakía	Bratislava	Bratislavská Vysoká Škola Práva Comenius University in Bratislava
	Bratislava	
Spánn	Madrid	Universidad Pontificia Comillas de Madrid
	Girona	Universitat de Girona
		Universidad de Jaén
Svíþjóð	Lund	Lunds universitet
	Stockholm	Stockholms Universitet
	Uppsala	Uppsala Universitet
	Göteborg	Göteborgs Universitet
	Umeå	Umeå Universitet
Tékkland		Masaryk University Brno Charles University
Þýskaland	Hannover	Universität Hannover

Aðrir samstarfsháskólar Háskóla Íslands sem lagadeild hefur aðild að

Bandaríkin

Arkansas

Arkansas State University

California	Pitzer College
	University of the Pacific
	University of California
Connecticut	Western Connecticut State University
Florida	University of Miami
Illinois	Western Illinois University
	North Park University
Indiana	Ball State University
Iowa	University of Iowa
Kansas	Kansas State University
	University of Kansas
Kentucky	University of Kentucky
Michigan	Central Michigan University
Minnesota	Hamline University
	University of Minnesota
Missouri	Missouri Southern State University
	Truman State University
	University of Missouri-St. Louis
Montana	University of Montana
Nebraska	University of Nebraska--Lincoln
	University of Nebraska at Kearney
North Dakota	University of North Dakota
Ohio	Ohio Northern University
	Ohio State University
Oklahoma	University of Oklahoma
Tennessee	University of Tennessee, Knoxville
Texas	University of Texas at El Paso
	University of North Texas
Virginia	Virginia Commonwealth University
	Virginia Polytechnic Institute & State University
Washington	Central Washington University
	The George Washington University
	Washington State University
	University of Washington
West Virginia	West Virginia University
Wisconsin	University of Wisconsin--LaCrosse
Wyoming	University of Wyoming

Miđ- og Suđur Amerika

Argentina	Buenos Aires	Universidad del Salvador
Kúba	Havana	Universidad de La Habana

Kanada

Halifax	Dalhousie University
Ontario	University of Ottawa
Winnipeg	University of Manitoba
Vancouver	University of British Columbia
Montréal	Université McGill
Montréal	Université de Montréal
Sherbrooke	Université de Sherbrooke

Asía

Japan	Tokyo	Waseda University
	Kyoto	Ritsumeikan Asia Pacific University
	Kyushu	Kyushu University
	Osaka	Osaka Gakuin University
	Kyoto	Kyoto Sangyo University
Kína	Beijing	Beijing Normal University
	Shanghai	Fudan University
	Changchun	Jilin University
	Ningbo	Ningbo University
	Peking	Peking University
Taiwan	Taipei	National Chengchi University
S-Kórea	Seoul	Sungkyunkwan University

Eyjaálfa

Ástraila	Western Australia	Edith Cowan University
	Victoria	Deakin University
	Queensland	Griffith University
	Sydney	Macquarie University
	Tasmania	University of Tasmania
	Sydney	University of Western Sydney
	New South Wales	University of Wollongong
	Adelaide	Flinders University of South Australia

Reglur
um námsvist nemenda í framhaldsnámi
við lagadeild Háskóla Íslands samkvæmt 6. mgr. 93. gr.
reglna fyrir Háskóla Íslands
samþykktar á deildarfundum 26. febrúar 2008

1. gr.

Lagadeild getur heimilað að námsvist nemanda, sem stundar framhaldsnám við deildina til meistaraþrúfs, við fyrirtæki eða stofnun, sem hlotið hefur viðurkenningu lagadeildar samkvæmt 3. gr., verði metin sem hluti af framhaldsnámi til meistaraþrúfu, þó að hámarki 6 ECTS einingar (3 ein) alls.

2. gr.

Námsvist skal hafa það að markmiði að þjálfar nemanda í að vinna lögfræðitengd störf undir eftirliti lögfræðings hjá stofnun eða fyrirtæki, sbr. 3. gr.

Námsvist í merkingu þessara reglna felur í sér fullt starf nemanda, launað eða ólaunað, hjá stofnun eða fyrirtæki, sbr. 3. gr., þar sem unnið er að verkefnum á sviði lögfræði. Þar undir fellur meðal annars hvers kyns ritun lögfræðilegra skjala, rannsóknarvinna, t.d. lögfræðileg heimilda- og gagnaöflun, aðstoð við opinberar nefndir, vinna að setningu reglna eða opinberra skýrslna, aðstoð við dómstörf eða störf nefnda í stjórnsýslu og önnur sambærileg lögfræðistörf.

Einn mánuður í námsvist, sbr. 1. og 2. mgr., skal að jafnaði metinn til 2 ECTS eininga (1 ein) í framhaldsnámi.

3. gr.

Námsvist samkvæmt reglum þessum fer fram hjá stofnun eða fyrirtæki sem hlotið hefur viðurkenningu lagadeildar samkvæmt þessari grein.

Stofnun eða fyrirtæki, sem hyggst ráða nemanda í námsvist, skal senda námsnefnd stutta greinargerð um þau störf sem nemendur í námsvist vinna og hvernig þau störf samrýmast 1. og 2. mgr. 2. gr. þessara reglna. Þá skal koma fram hvaða starfsmaður eða starfsmenn hjá hlutaðeigandi stofnun eða fyrirtæki hafa umsjón með námsvist og eftirlit með því að hún fullnægi kröfum þessara reglna.

4. gr.

Nemandi skal leggja fram umsókn um námsvist a.m.k. tveimur mánuðum áður en áætlað er að námsvist hefjist, nema sérstaklega standi á.

Námsnefnd lagadeildar hefur umsjón með afgreiðslu umsókna um námsvist og skal nefndin fjalla um umsóknir eins fljótt og kostur er.

Jafnskjótt og námsvist lýkur skal nemandi senda námsnefnd skýrslu um störf sín, sem undirrituð er af starfsmanni fyrirtækis eða stofnunar, sbr. 2. mgr. 3. gr. Á þeim grundvelli leggur námsnefnd mat á hvort og þá að hvaða marki námsvist verði metin sem hluti af framhaldsnámi hlutaðeigandi.

5. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 6. mgr. 93. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, og taka þær gildi frá og með skólaárinu 2008-2009.

Ákvæði til bráðabirgða

Námsnefnd skal þegar við samþykkt reglnanna á deildarfundum lagadeildar hefja undirbúning að viðurkenningarferli stofnana og fyrirtækja samkvæmt 3. gr.

**Reglur um meistararitgerðir og önnur lokaverkefni
til meistaraþrófs (mag. jur.) í lögfræði**

Samþykktar 30. september 2008, með breytingum samþykktum á deildarfundum 29. september 2009

1. gr.

Stúdent skal velja sér efni til meistararitgerðar eða annað lokaverkefni, svo og umsjónarkennara með ritgerðinni eða verkefninu, í síðasta lagi átta mánuðum fyrir áætlaða brautskráningu úr lagadeild, þ.e. þann 15. febrúar vegna útskriftar í október það ár, þann 15. júní vegna útskriftar í febrúar árið eftir og þann 15. október vegna útskriftar í júní árið eftir.

Umsjónarkennara stúdents skal velja úr hópi fastra kennara lagadeildar með hliðsjón af fyrirhuguðu efni ritgerðar eða verkefnis. Ef fastir kennarar geta ekki annað eftirspurn eftir umsjónarkennurum eða sérstök atvik mæla með því að öðru leyti, er heimilt að skipa stundakennara eða annan utandeildarmann umsjónarkennara stúdents, að fengnu samþykki lagadeildar og umsjónarkennara viðkomandi kennslugreinar eða – greina.

Val ritgerðarefnis eða verkefnis skal háð samþykki verðandi umsjónarkennara stúdents

Verði öðrum en föstum kennurum lagadeildar falin umsjón með meistararitgerð eða öðru lokaverkefni til meistaraþrófs í lögfræði, ber jafnan að taka mið af eftirfarandi skilyrðum:

- Að umsjónarkennari utan deildar komi úr hópi starfandi stundakennara við lagadeild, sé þess kostur.
- Að umsjónarkennari utan deildar hafi lokið kandidats- eða meistaraþrófi í lögfræði auk framhaldsnáms í lögfræði
- Frá kröfu um framhaldsnám má víkja ef umsjónarkennari utan deildar telst hafa a.m.k. fimm ára starfsreynslu að loknu meistaraþrófi og sérþekkingu á því sviði sem meistararitgerð fjallar um.

Áður en samþykkt er að ráða umsjónarkennara utan deildar til að hafa umsjón með meistaraverkefni skal hann senda föstum kennara í viðkomandi kennslugrein og skrifstofu lagadeildar upplýsingar um nám, störf og sérþekkingu sína á viðkomandi fræðasviði. Þegar fastur kennari í viðkomandi kennslugrein og deildarforseti hafa samþykkt umsjónarkennara utan deildar með meistaraverkefni skal fasti kennarinn kynna honum reglur deildarinnar um meistararitgerðir auk þess sem hann skal vera umsjónarkennara utan deildar til ráðgjafar eða upplýsingar eftir því sem þörf er á..

Innan þeirra tímamarka sem greind eru í 1. mgr. skal stúdent leggja fram skriflega á skrifstofu lagadeildar val á efni og umsjónarkennara á sérstökum eyðublaðum sem þar fást. Í því skal koma fram, hvort stúdent stefni að ritgerðarsmið eða annars konar lokaverkefni.

Vali á efni og umsjónarkennara má breyta síðar, ef sérstaklega stendur á, og þarf samþykki umsjónarkennara og auk þess deildarforseta ef umsjónarkennari er utan deildar. Skylt er stúdent að tilkynna breytingu skriflega á skrifstofu lagadeildar.

2. gr.

Meistararitgerð eða annað lokaverkefni skal vera á einu eða fleiri sviðum lögfræði, enda komi það fram á eyðublaði um val á efni og umsjónarkennara.

Vinna við meistararitgerð skal samsvara námi á einu misseri (að jafnaði 12 vikur) og jafngildir 30 ECTS einingum. Meistararitgerð skal að jafnaði vera 80-120 blaðsíður að lengd að frátöldum skrá, efnisyfirliti og útdrætti og fullnægja reglum lagadeildar um form námsritgerða.

Ef sérstaklega stendur á og að fengnu samþykki umsjónarkennara er stúdent heimilt að skila tveimur ritgerðum í stað einnar og skulu þær samanlagt vera 80-120 blaðsíður að lengd en uppfylla að öðru leyti kröfur 2. mgr. þessarar greinar.

Heimilt er tveimur stúdentum að vinna saman að meistararitgerð eða öðru lokaverkefni. Þessi tilhögun er háð samþykki umsjónarkennara og deildarforseta sem heimilt er að setja frekari skilyrði. Meistararitgerð sem unnin er með þessum hætti skal vera 160-240 blaðsíður að lengd, að frátöldum skrám, útdrætti og efnisyfirliti og uppfylla að öðru leyti kröfur 2. mgr. þessarar greinar.

Óski stúdent eftir því að vinna að öðru lokaverkefni en meistararitgerð og umsjónarkennari samþykkir þá tilhögun, skal þess gætt að nám og prófkröfur séu ekki minni en sú vinna sem liggur að baki meistararitgerð.

Lokagerð meistararitgerðar eða annars lokaverkefnis skal fylgja útdráttur (ein bls. A-4). Jafnframt skal stúdent í samráði við umsjónarkennara upplýsa skrifstofu um enskan titil meistararitgerðar eða annars lokaverkefnis við skil ritgerðar.

Ritgerð skal skila í þremur eintökum á skrifstofu lagadeildar þann 5. janúar vegna brautskráningar í febrúar sama ár, þann 5. maí vegna brautskráningar í júní sama ár og þann 5. september vegna brautskráningar í október sama ár. Sömu tímamörk eiga við skil á lokaverkefni. Deildarforseti má veita undanþágu frá þessum tímamörkum ef brýnar ástæður eru fyrir hendi.

Ritgerð skal stimpluð sem námsritgerð. Skytt er að geta umsjónarkennara nema hann óski annars.

Ef stúdent hefur ekki valið ritgerðarefni eða lokaverkefni svo tímanlega sem mælt er fyrir í 1. mgr. 1. gr. skal ekki veita ritgerð eða verkefni viðtöku nema deildarforseti samþykki, að fengnum meðmælum umsjónarkennara.

3. gr.

Vinna við meistararitgerð eða annað lokaverkefni skal byggja á sjálfstæðri rannsóknavinnu stúdents undir handleiðslu og eftirliti umsjónarkennara. Stúdent ber ábyrgð á að afla heimilda, úrvinnslu þeirra og lögfræðilegum ályktunum. Notkun heimilda, tilvísanir til þeirra, svo og gerð heimildaskrár og annarra skráa skal vera í samræmi við reglur lagadeildar þar að lútandi.

Umsjónarkennari fylgist með ritgerðarvinnu stúdents og leiðbeinir honum við gerð meistararitgerðar eða annars lokaverkefnis. Ekki síðar en 15. janúar ár hvert vegna skila 5. maí (eftir atvikum 15. maí eða 15. september) boðar umsjónarkennari stúdent á fund. Á fundinum veitir umsjónarkennari leiðbeiningar um ýmis almenn atriði er varða ritgerðasmíðina, svo sem um markmið, verklag, meðferð og úrvinnslu heimilda, málfar og frágang, gerð vinnuáætlunar o.fl. Ekki síðar en 1. febrúar vegna skila 5. maí (eftir atvikum 1. júní eða 1. október) boðar umsjónarkennari stúdent á fund þar sem stúdent skilar greinargerð um efnistöð ritgerðar og skipulag vinnunnar. Jafnframt verði þá útfyllt vinnuáætlun á þar til gert eyðublað sem umsjónarkennari og stúdent undirrita og ætlað er að lýsa framvindu vinnunnar. Ber umsjónarkennari ábyrgð á að varðveita það. Fundir stúdents og umsjónarkennara skulu þaðan í frá ekki vera færri en þrír.

Umsjónarkennara er heimilt að bjóða upp á fyrirlestra, umræðufundi og annars konar kennslu fyrir stúdent ef þurfa þykir.

Verði verulegt frávik á vinnuframlagi stúdents miðað við fyrirfram gerða vinnuáætlun skal umsjónarkennari ræða það sérstaklega við stúdent og leiðir til úrbóta.

4. gr.

Stúdent skal þreyta próf úr efni meistararitgerðar eða lokaverkefnis. Prófið skal ekki vara lengur en eina klukkustund. Prófdómari skal vera viðstaddur. Önnur prófgögn en meistararitgerð eru óheimil nema með samþykki umsjónarkennara. Prófið fer þannig

fram að stúdent kynni markmið þ. á m. rannsóknarspurningu(ar) ef við á og helstu niðurstöður rannsóknarinnar. Kynning stúdents skal að hámarki taka hálf klukkustund. Að því loknu prófa umsjónarkennari og prófdómari stúdent úr efni ritgerðarinnar.

Þegar fyrirsjáanlegt er að meistararitgerð eða lokaverkefni er framúrskarandi að gæðum getur umsjónarkennari haft frumkvæði að því að stúdent kynni meistararitgerðina eða lokaverkefnið opinberlega á fræðafundi í lagadeild. Slík kynning jafngildir prófi samkvæmt 1. mgr.

Taka skal tillit til frammistöðu stúdents á prófi eða opinberri kynningu þegar gefin er einkunn fyrir meistararitgerð eftir nánari ákvörðun umsjónarkennara og prófdómara.

Til að meistararitgerð eða lokaverkefni sé fullnægjandi þarf ritgerðin að hljóta minnst einkunnina 6,0. Sama á við um lokaverkefni, eftir því sem við á.

Til þess að ritgerð hljóti fyrstu einkunn, þ.e. einkunnina 7,5 – 8,5, þarf uppbygging, meðferð og úrvinnsla heimilda, lögfræðilegar ályktanir og niðurstöður, málfar og frágangur að vera mjög góður. Sama á við um lokaverkefni, eftir því sem við á.

Til þess að ritgerð hljóti ágætiseinkunn, þ.e. einkunnina 9,0 – 10,0 þarf uppbygging, meðferð og úrvinnsla heimilda, lögfræðilegar ályktanir og niðurstöður, málfar og frágangur að vera framúrskarandi. Sama á við um lokaverkefni, eftir því sem við á.

Ef stúdent fjallar opinberlega um efni og niðurstöður meistararitgerðar sinnar, t.d. í fjölmiðlum, skal hann geta nafns umsjónarkennara og þess að ritgerðin sé skrifuð sem meistararitgerð við lagadeild Háskóla Íslands.

5. gr.

Breytingar þessar voru samþykktar á deildarfundi lagadeildar þann 30. september 2008 og eiga við um þá stúdenta sem útskrifast með meistarapróf í lögfræði á árinu 2009 og síðar. Þær gilda einnig um þá stúdenta sem útskrifast með embættispróf (kandidatspróf) í lögfræði á árinu 2009 og síðar.

Þegar þessar reglur taka gildi falla úr gildi reglur um kandidatsritgerðir, meistararitgerðir og önnur lokaverkefni til meistaraprófs í lögfræði sem samþykktar voru á deildarfundi í lagadeild 20. september 2005.

REGLUR

um alþjóðlegt meistaranám í auðlindarétti og alþjóðlegum umhverfissrétti (LL.M. in Natural Resources Law and International Environmental Law)] við lagadeild Háskóla Íslands

með breytingum, samþykktum 26. febrúar 2008

1. gr.

Prófgráðan LL.M. í auðlindarétti og alþjóðlegum umhverfissrétti er veitt að loknu meistaraþrófi í lögum. Prófgaráðan veitir þó ekki þau réttindi sem fylgja embættisþrófi í lögum (cand. jur.) eða mag.jur.-þrófi. Kennsla í meistaranámi námi fer almennt fram á ensku. Enska verður jafnframt notuð í prófum og ritgerðum.

2. gr.

Skilyrði fyrir inntöku í meistaranámið er að umsækjandi hafi lokið BA-prófi í lögum frá Háskóla Íslands eða sambærilegu prófi að afloknu að minnsta kosti þriggja ára laganámi. Heimilt er að taka við umsóknum frá þeim sem hyggjast ljúka BA-prófi í lögum frá Háskóla Íslands eða sambærilegu prófi.

Heimilt er að óska eftir því að umsóknum fylgi staðfesting á því að umsækjandi hafi fullnægjandi kunnáttu í ensku á mæltu og rituðu máli, og ennfremur gögn sem sýna að umsækjandi sé í stakk búinn til að leggja stund á framhaldsnám í lögum.

3. gr.

Meistaránám jafngildir 45 einingum. Meistaránemi skal ljúka 30 einingum með prófum í námskeiðum, sbr. A og B-lið 2. mgr., og 15 einingum með lokaverkefni, sbr. C-lið 2. mgr.

Námið skal uppbyggt með eftirfarandi hætti, nema annað sé ákveðið fyrir 1. desember ár hvert fyrir næstkomandi háskólaár:

A. Haustmisseri (15 ein, 30 ECTS):

1. Basic Course In Public International Law - 3 ein (6 ECTS).
2. International Environmental Law - 3 ein (6 ECTS).
3. EC Environmental Law - 3 ein (6 ECTS).
4. International Law of Sustainable Development - 3 ein (6 ECTS).
5. International Human Rights Law - 3 ein (ECTS).

B. Vormisseri (15 ein, 30 ECTS):

1. Natural Resources Law I (Basic Course) - 4 ein (8 ECTS).
2. Natural Resources Law II (Law of the Sea) - 4 ein (8 ECTS).
3. Natural Resources Law III (Fisheries Policy) - 4 ein (8 ECTS).
4. EEA and EFTA-Law - 3 ein (6 ECTS).

C. Lokaritgerð (15 ein, 30 ECTS)

D. Lokaritgerð 60 e (ECTS)

Heimilt er samkvæmt umsókn frá meistaranema, sem berst lagadeild eigi síðar en 15. júní fyrir næstkomandi háskólaár, að veita honum undanþágu frá því að þreyta próf í námskeiðunum Basic Course In Public International Law og International Human Rights Law á haustmisseri, sbr. A-lið 2. mgr., enda sýni hann fram á með viðeigandi gögnum að hann hafi þegar stundað sambærilegt nám á meistarastigi við aðra háskóla. Meistaránemi er skylt að þreyta próf í öðrum námskeiðum í meistaranámi.

Nemandi skal hafa lokið meistaranámi eigi síðar en 3 árum eftir fyrstu innritun í námið.

4. gr.

Námsmat skal að jafnaði fela í sér verkefnavinnu auk munnlegs eða skriflegs prófs. Til að ljúka námskeiði skal nemandi hljóta að minnsta kosti einkunnina 6,0.

5. gr.

Meistaraneini skal fyrir 15. febrúar ár hvert velja einn af kennurum lagadeildar sem umsjónarkennara með lokaverkefni sínu á sumarmisseri, sbr. c-lið 2. mgr. 3. gr. Valið er háð samþykki kennarans og meistaránámsnefndar, sbr. 6. gr.

Efnissvið lokaritgerðar er háð samþykki umsjónarkennara. Lokaverkefni skal að jafnaði vera í formi ritgerðar sem svarar til 90-120 bls. (36.000 til 48.000 orða). Umsjónarkennari getur ákveðið að nemandi þreyti próf úr efni lokaverkefnis og metið árangur hans sem hluta af lokaeinkunn. Umsjónarkennari gefur einkunn fyrir lokaverkefni ásamt prófdómara sem tilnefndur er af meistaránámsnefnd. Heimilt er meistaránámsnefnd að ákveða, að fenginni tillögu frá umsjónarkennara, að í stað prófs komi opinber fyrirlestur nemanda um efni lokaverkefnis og skal valið vera í samræmi við almennar reglur lagadeildar um val slíkra verkefna.

Um lokaritgerðir gilda að öðru leyti almennar reglur lagadeildar HÍ um kandidatsritgerðir, meistararitgerðir og önnur lokaverkefni til meistaraprófs í lögfræði.

Í sérstökum tilvikum er meistaraneima heimilt að skrifa 60 e (ECTS) lokaritgerð enda hafi hann sýnt framúrskarandi árangur í meistaránámi. Lengd ritgerðarinnar skal vera á bilinu 180-200 bls. (72.000-90.000 orð). Að öðru leyti gilda reglur þessar og almennar reglur lagadeildar um ritgerðir.

6. gr.

Deildarfundur í lagadeild kýs þriggja manna meistaránámsnefnd til tveggja ára í senn og skulu a.m.k. tveir nefndarmanna vera úr hópi fastráðinna kennara við deildina.

Meistaránámsnefnd tekur ákvarðanir samkvæmt reglum þessum, meðal annars hvaða námskeið er boðið upp á í meistaránámi, vægi þeirra, hvenær þær eru kenndar og hvernig námsmati sé hagað, sbr. 2. mgr. 3. gr.

Meistaránámsnefnd fjallar um og tekur ákvörðun um umsóknir til náms til meistaraprófs. Nefndin ákveður form umsókna sem deildarforseti staðfestir. Nefndin getur gert tillögu um að takmarka inntöku nýrra nemenda við ákveðinn fjölda, sbr. 9. mgr. 91. gr. reglna nr. 458/2000.

Deildarforseti getur setið fundi meistaránámsnefndar.

Ef ekki er samkomulag um mál í meistaránámsnefnd skal það lagt fyrir deildarfund til ákvörðunar. Ennfremur getur nefndin eða deildarforseti ákveðið að leggja mál fyrir deildarfund til fullnaðarákvörðunar.

7. gr.

Að öðru leyti en nánar er kveðið á um í reglum þessum skal farið eftir reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

8. gr.

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundi í lagadeild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og ákvæði IV. kafla reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi.

Reglur nr. 664/2002, um meistaránám í þjóðarétti og umhverfisrétti (*LL.M. in International and Environmental Law*) við lagadeild Háskóla Íslands halda gildi sínu uns nemendur sem skráðir voru í það nám hafa brautskráðst.

Reglur um doktorsnám og rannsóknánámsnefnd við lagadeild HÍ

Samþykktar 14.10.2004, m/br. 22.11.2005 og 10.02.2006.

1. gr.

Doktorsnám í lagadeild.

Í lagadeild er unnt að stunda nám til doktorsprófs í lögfræði. Markmið doktorsnáms er að veita doktorsnemum vísindalega þjálfun og búa þá undir vísindastörf, meðal annars háskólakennslu eða sérfræðingsstörf við rannsóknastofnanir.

2. gr.

Rannsóknánámsnefnd.

Deildarfundur í lagadeild kýs þriggja manna rannsóknánámsnefnd til tveggja ára í senn og skulu að minnsta kosti tveir nefndarmanna vera úr hópi fastráðinna kennara við deildina. Deildarfundur kýs einnig til tveggja ára í senn tvo nefndarmenn til vara (1. og 2. varamann) úr hópi fastráðinna kennara við deildina. Deildarforseti getur settið fundi nefndarinnar.

Hlutverk nefndarinnar er að hafa umsjón með rannsóknatengdu námi í deildinni, í samráði við deildarforseta, og hafa faglega umsjón með doktorsnámi í henni.

Nefndin skal setja almennar reglur um námsefni og námskröfur í einstökum kjörgreinum í hinu almenna meistaranámi í deildinni og ber að leita umsagnar hennar áður en tekin er ákvörðun um að hefja kennslu í nýrri kjörgrein í því námi. Umsjónarkennarar skulu taka ákvörðun um námsefni í þeim greinum, sem þeir hafa umsjón með, annast námsmat, sjá um kennslu og bera ábyrgð á gæðum hennar gagnvart deildarforseta í samræmi við reglur deildarinnar um hlutverk og verkefni umsjónarkennara.

Nefndin skal láta í té umsögn um umsóknir um doktorsnám, sbr. d- og e-liði 4. gr., samþykka val á umsjónarkennara doktorsnema, sbr. 1. mgr. 8. gr., gera tillögu um skipan doktorsnefndar, sbr. 1. mgr. 9. gr., samþykka rannsókn- og námsáætlun doktorsnema, sbr. 1. mgr. 10. gr., og gera tillögu um andmælendur við doktorsvörn, sbr. 14. gr.

3. gr.

Umsóknarfrestur.

Umsóknarfrestur um doktorsnám er að jafnaði 15. mars vegna náms sem byrjar á haustmisseri og 15. september vegna náms sem byrjar á vormisseri. Deildarfundur getur ákveðið að umsókn, sem berst að liðnum umsóknarfresti, verði tekin til umfjöllunar í rannsóknánámsnefnd.

4. gr.

Meðferð umsókna.

Umsóknum um doktorsnám skal skilað til Lagastofnunar í umboði lagadeildar. Ferli umsókna er sem hér segir:

1. Umsókn um doktorsnám skal skilað á sérstöku eyðublaði lagadeildar. Með umsókn skal fylgja afrit af prófskráttinum, frumdrög að rannsóknáætlun og önnur fylgiskjöl, sbr. leiðbeiningar sem gefnar eru út af lagadeild.
2. Nauðsynlegt er að umsækjandi hafi fundið umsjónarkennara meðal fastra kennara lagadeildar og tryggt sér samþykki hans áður en sótt er um.
3. Umsókn ber að senda til Lagastofnunar sem fer yfir og skráir umsóknir, athugar hvort tilskilin gögn fylgja og gengur eftir því sem á vantar.
4. Að lokinni frumathugun skal leggja umsókn fyrir rannsóknánámsnefnd. Nefndin getur hafnað umsókn ef rannsóknáætlun þykir ófullnægjandi eða ef ekki er fjárhagslegur grundvöllur til að sinna umsækjanda.
5. Að fenginni umsögn rannsóknánámsnefndar er umsókn afgreidd á deildarfundi. Sé umsókn hafnað af nefndinni skal rökstuðningur fylgja afgreiðslu. Afgreiðsla nefndarinnar er háð samþykki deildarfundar.
6. Lagastofnun svarar umsækjanda skriflega eftir að deildarfundur hefur afgreitt umsóknina.
7. Ef umsóknin er samþykkt tilkynnir Lagastofnun Nemendaskrá um afgreiðsluna.
8. Umsækjandi sem lagadeild hefur samþykkt í doktorsnám skal snúa sér til Nemendaskrár og ganga frá innritun og skráningu.
9. Lagastofnun varðveitir umsóknargögn og námsferilsgögn doktorsnema.

5. gr.

Inntökuskilyrði.

Sá sem hefur lokið meistaraþrófi eða sambærilegu prófi í lögfræði frá Háskóla Íslands eða öðrum háskóla getur sótt um aðgang að doktorsnámi. Einnig getur sá sem hefur stundað doktorsnám við annan háskóla sótt um aðgang að doktorsnámi við lagadeild. Að jafnaði skal doktorsnemi hafa lokið meistaraþrófi eða sambærilegu prófi með fyrstu einkunn.

Ef einhver hyggst hefja doktorsnám strax að loknu meistaraþrófi getur hann sótt um það áður en hann lýkur prófi, ef fyrir liggur staðfesting um að hann muni væntanlega ljúka náminu með fullnægjandi árangri áður en doktorsnám hefst. Doktorsnám getur enginn hafið fyrr en meistaraþrófi er lokið að fullu.

Ef vafi leikur á að undirbúningur samsvari þeim undirbúningi sem framangreind próf eiga að tryggja, er heimilt að láta umsækjanda gangast undir hæfnispróf.

Óski umsækjandi eftir því að skrifa ritgerð sína á öðru tungumáli en íslensku getur rannsóknánámsnefnd gert það að skilyrði að umsækjandi sanni færni sína í viðkomandi tungumáli með því að láta hann gangast undir próf eða leggja fram sérstakt vottorð þar að lútandi.

6. gr.

Einingaföldi og tímalengd náms.

Doktorsritgerð við lagadeild skal metin til 90 eininga. Samhliða samningu ritgerðar skal doktorsnemi stunda nám eftir því sem gert er ráð fyrir í náms- og rannsóknáætlun hans, sbr. 2. mgr. 10. gr. Það nám skal m.a. vera fólgið í fræðslu um aðferðafræði lögfræði, réttarheimildir, lögskýringar og réttarheimspeki. Ef þörf er talin á að bæta enn frekar við þessa undirstöðubekkingu doktorsnema má gera kröfu um að hann leggi stund á bóknám sem svari til allt að 30 eininga, auk framangreindra 90 eininga. Doktorsnám við lagadeild er þriggja ára fullt nám. Stundi doktorsnemi námið að hluta má námið taka allt að fimm ár. Ef ekki tekst að ljúka náminu á þeim tíma getur doktorsnemi sótt um undanþágu frá tíma-mörkum til deildar. Verði undanþága veitt má setja þau skilyrði að doktorsnemi uppfylli þær kröfur sem þá eru í gildi um doktorsnám þótt hann hafi hafið námið meðan aðrar reglur giltu.

Doktorsnemi skal vera skráður og greiða skráningargjald allan námstímann.

7. gr.

Tengsl meistara- og doktorsnáms.

Ekki er heimilt að nota meistararitgerð aftur sem uppistöðu í doktorsritgerð, en í ýmsum tilvikum getur verið æskilegt að halda áfram á sama eða skyldu rannsóknasviði. Doktorsnema er heimilt að sækja námskeið á meistarastigi við Háskóla Íslands eða erlendan háskóla og fá þau metin sem hluta af bóknámi sínu, enda hafi þau ekki áður verið metin sem hluti af meistaranámi hans.

8. gr.

Umsjónarkennari.

Sérhver doktorsnemi skal frá upphafi náms hafa umsjónarkennara sem skal vera fastur kennari (prófessor, dósent eða lektor) við lagadeild. Umsjón með doktorsnemum eiga þeir einir að hafa sem lokið hafa doktorsprófi eða jafngildi þess. Gæta þarf þess að verkefni doktorsnema sé á sérsviði umsjónarkennarans. Umsjónarkennarar skulu vera viðurkenndir sérfræðingar á viðkomandi sérsviði og hafa birt ritmíðar er tengjast verkefni doktorsnema á vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur. Skipun umsjónarkennara er háð samþykki rannsóknánámsnefndar.

Hlutverk umsjónarkennara er að fylgast með vinnu doktorsnema og veita leiðsögn við doktorsverkefni. Doktorsnemi ráðfærir sig við umsjónarkennara um gerð rannsóknáætlunar, skipulag námsins, val námskeiða, ef við á, og annað sem tengist náminu. Doktorsnemi getur jafnframt notið leiðsagnar annarra leiðbeinenda, að höfðu samráði við umsjónarkennara. Lagadeild setur nánari reglur um samstarf og hlutverk umsjónarkennara, doktorsnema og doktorsnefndar. Hætti umsjónarkennari stöfum eða komi upp illeýsanlegur ágreiningur á milli hans og doktorsnema, getur deildin ekki skuldbundið sig til þess að útvega annan umsjónarkennara.

9. gr.

Doktorsnefnd.

Þegar umsókn um doktorsnám hefur verið samþykkt skal deildarfundur skipa doktorsnefnd að fengnum tillögum frá rannsóknánámsnefnd. Doktorsnefnd skal skipuð umsjónarkennara og 1-2 sérfræðingum á fræðasviðinu. Eftir að doktorsnefnd hefur verið skipuð sendir Lagastofnun hverjum nefndarmanni skipunarbréf ásamt upplýsingum um hlutverk og reglur doktorsnefnda sem í gildi eru hverju sinni í lagadeild.

Hlutverk doktorsnefndar er að fylgjast með að framgangur námsins sé í samræmi við rannsókn- og námsáætlun, tryggja fagleg gæði rannsóknavinnunnar í samræmi við reglur deildar og sjá um próf sem nemandinn gengst undir. Doktorsnefnd kveður doktorsefni á sinn fund eftir því sem þurfa þykir meðan á náminu stendur og prófar doktorsnemann í almennri fræðilegri þekkingu og rannsóknáæfðum eða metur nám hans á sambærilegan hátt. Slíkt próf skal fara fram um miðbik námsins.

Áður en til doktorsvarnar getur komið skilar doktorsnefnd rökstuddu álitu til deildarforseta um það hvort veita skuli doktorsefni kost á að leggja ritgerð fram til doktorsvarnar.

10. gr.

Tilhögun náms, námsframvinda og námskröfur.

Í lok fyrsta námsárs gerir doktorsnemi, í samráði við umsjónarkennara, nákvæma rannsóknáætlun, áætlun um námshraða og dvöl erlendis, ef við á. Áætlunin skal lögð fyrir rannsóknánámsnefnd. Náminu verður því aðeins fram haldið að nefndin samþykki áætlunina. Samþykkt áætlun skal send Lagastofnun þar sem hún verður hluti af námsferilsskrá doktorsnemans. Skipti doktorsnemi um rannsóknarefni skal ný áætlun lögð fyrir rannsóknánámsnefnd og deildarfund.

Doktorsnemi getur stundað bóknám og tekið þátt í námskeiðum og málstofum til doktorsprófs við Háskóla Íslands eða við erlenda háskóla og fengið það metið. Doktorsnemi sem hefur lokið meistaranámi við íslenska háskóla skal taka hluta af doktorsnámi sínu við erlendan háskóla. Ennfremur má gera þá kröfu til doktorsnema að hann sjái um eða sækji málþing og geri þar grein fyrir rannsóknnum sínum. Lagadeild setur frekari reglur um námskröfur í doktorsnámi.

11. gr.

Kröfur til doktorsritgerða.

Doktorsnemi lýkur rannsóknnum sínum með viðamikilli ritgerð. Til doktorsritgerða eru gerðar kröfur um vísindaleg vinnubrögð og sjálfstætt framlag til þekkingarsköpunar á fræðasviðinu. Meginreglan er sú að doktorsritgerð sé eitt heildstætt verk. Einnig er heimilt að leggja fram fleiri ritgerðir en eina, og verða ritgerðir þá að varða sama meginrannsóknasvið og mynda heild. Þegar svo stendur á, skal semja sérstaka yfirlitsgrein þar sem dregið er saman efni hinna einstöku ritgerða,

VIÐAUKI 13

settar fram heildarályktanir eða efni þeirra tengt með öðrum fræðilegum hætti. Þegar doktorsritgerð er samsétt af greinum skulu þær allar hafa birst á viðurkenndum ritryndum vettvangi.

Doktorsritgerð má vera á erlendu tungumáli ef rannsóknanámsnefnd samþykkir.

Lagadeild setur nánari reglur um kröfur til doktorsritgerða og frágang þeirra.

12. gr.

Skil og frágangur doktorsritgerða.

Þegar doktorsnemi hefur lokið doktorsritgerð sinni skal senda hana í fjórum eintökum til deildarforseta með rökstuddu álitni doktorsnefndar um að henni sé lokið.

Við frágang á doktorsritgerð skal fylgt hefðbundnum vinnubrögðum um frágang slíkra ritgerða og meðferð heimilda. Koma skal skýrt fram að ritgerðin sé samin við lagadeild Háskóla Íslands og skal geta þeirra sjóða Háskólans og annara aðila sem styrkt hafa verkefnið. Hverri doktorsritgerð skal fylgja útdráttur á íslensku eða ensku. Einnig má fylgja ritgerðinni útdráttur á öðru erlendu tungumáli.

13. gr.

Námsferilsyfirlit.

Um leið og doktorsritgerð er lögð fram skal jafnframt leggja fram námsferilsyfirlit doktorsnema sem Lagastofnun og Nemendaskrá ganga frá og staðfesta.

14. gr.

Andmælendur.

Andmælendur við doktorsvörn skulu vera tveir. Skulu þeir vera óháðir doktorsefni og ekki eiga sæti í doktorsnefnd. Þeir eru valdir af deildarfundi, að fengnum tillögum frá rannsóknanámsnefnd.

15. gr.

Doktorsvörn.

Doktorsefni skal verja ritgerð sína í Háskólanum í heyranda hljóði á þeim degi sem lagadeild ákveður. Ritgerð skal dæmd og varin samkvæmt reglum Háskóla Íslands um doktorspróf. Ekki eru gefnar einkunnir fyrir doktorspróf, sbr. ákvæði 61. gr. reglugerðar fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000. Lagadeild setur nánari reglur um framkvæmd doktorsvarna.

16. gr.

Lærdómstitill.

Doktorspróf við lagadeild, að undanegnu doktorsnámi samkvæmt reglum þessum, veitir lærdómstitilinn *Philosophiae Doctor* (Ph.D.)

17. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundi í lagadeild og hlötið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 67. og 68. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi.

Auk birtingar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 41/1999, skal birta reglur þessar í kafla lagadeildar í kennsluskrá og á heimasíðu deildarinnar.

Verklagsreglur

um mat á námskeiðum, verkefnum og öðru framlagi doktorsnema við lagadeild Háskóla Íslands

1. gr.

Markmið þessara reglna er að gera mat á námskeiðum, verkefnum og öðru framlagi doktorsnema gegnsætt.

2. gr.

Doktorsnám við lagadeild er 90 e. Lengd ritgerða skal taka mið af efni og uppbyggingu ritgerðar hverju sinni. Námskeið, verkefni og annað framlag doktorsnema skal að lágmarki jafngilda 15 e (30 ECTS) af 90 e.

3. gr.

Doktorsnemi ber ábyrgð á að halda saman öllum gögnum sem máli skipta, s.s. bréfum, lýsingum á námskeiðum, dagskrám ráðstefna og málstofa, viðurkenningum, staðfestingum og öðru sem máli getur skipt vegna matsins.

Doktorsnemi leitar bréflega eftir því að rannsóknanámsnefnd meti vinnu til eininga. Beiðni skal fylgja stutt greinargerð og rökstuðningur ef 7. liður 4. gr. á við. Senda skal nefndinni beiðni um mat fyrir 15. mars og 15. október.

Að fenginni tillögu rannsóknanámsnefndar um afgreiðslu tekur deildarfundur ákvörðun um hvort doktorsnemi hafi lagt fram fullnægjandi gögn og skýringar og skal honum tilkynnt ákvörðunin bréflega.

4. gr.

Við matið skal fylgja eftirfarandi viðmiðum:

1. Að jafnaði skal hver heill dagur á námskeiði sem ætlað er doktorsnemum eða heill dagur á sambærilegu námskeið, metinn sem 1 e. Þetta á þó ekki við ef undibúningsvinna er takmörkuð og skal þá dagurinn metinn til $\frac{1}{2}$ e.

2. Eigin rannsóknarverkefni skulu metin til 2 e. Þátttaka í rannsóknaverkefnum annarra skal metin til 1 e. Með eigin rannsóknarverkefnum er fyrst og fremst átt við birtar ritrýndar greinar.

3. A.m.k. 6 e skulu vera vegna þátttöku í námskeiðum í aðferðafræði og réttarheimspeki (grunnnámskeið) og námskeið og ráðstefnur á fræðasviði doktorsnema.

4. Námskeið í uppeldis- og kennslufræðum má að hámarki meta til 2 e.

VIÐAUKI 14

5. Námskeið á meistarastigi eru að jafnaði ekki metin til eininga nema í þeim tilvikum að leiðbeinandi hafi gert doktorsnema skylt að sækja slík námskeið og skal námskeið að hámarki metið til 1 ½ e.

6. Að jafnaði skal styðjast við það mat sem háskólar í Evrópu leggja til grundvallar fyrir námskeið, málstofur o.þ.h. og doktorsnemar lagadeildar taka þátt í. Í þeim tilvikum sem námskeið eru tekin við háskóla sem ekki styðjast við ECTS kerfið skal meta námskeið og málstofur sérstaklega.

7. Heimilt er að meta aðra vinnu doktorsnema til eininga, t.d. fundarstjórn og skipulagningu ráðstefna, rannsóknadag í félagsvísindum (Rannsóknir í félagsvísindum) og málstofa, fyrirlestra á ráðstefnum og málstofum, stjórnarsetu í hagsmunafélögum doktorsnema og aðra sambæilega vinnu.

5. gr.

Verklagsreglur þessar voru samþykktar af rannsóknanámsnefnd þann 26. mars 2007 og kynntar á deildarfundi 24. apríl 2007 og öðlast þegar gildi.

Yfirlit yfir rannsóknarstig kennara í lagadeild 2004-2008
miðað við fjölda starfsmanna og starfsígildi

Rannsóknarstig kennara 2004-2007	2004		2005		2006		2007	
	Meðaltal stiga pr. starfsm.	Meðaltal stiga pr. starfsígildi	Meðaltal stiga pr. starfsm.	Meðaltal stiga pr. starfsígildi	Meðaltal stiga pr. starfsm.	Meðaltal stiga pr. starfsígildi	Meðaltal stiga pr. starfsm.	Meðaltal stiga pr. starfsígildi
Félagsvísindadeild	47	51	42	45	38	38	32	33
Guðfræðideild	18	24	37	43	37	45	28	38
Hugvísindadeild	25	6	26	7	28	8	26	9
Hjúkrunarfræðideild	14	130	19	105	24	106	25	90
<i>Lagadeild</i>	27	37	37	46	31	52	24	40
Lyfjafræðideild	30	41	37	45	39	42	36	39
Læknadeild	14	23	14	23	14	23	18	27
Raunvísindadeild	29	34	24	26	28	31	27	31
Tannlæknadeild	13	17	11	14	6	7	17	20
Verkfræðideild	24	27	22	30	26	32	21	24
Viðsk. - og hagfræðideild	22	28	24	27	19	23	20	28
Samtals/Meðaltal - allar deildir	25	32	24	30	25	30	24	29

Rannsóknarstig kennara 2008	Meðaltal stiga pr. starfsm.	Meðaltal stiga pr. starfsígildi
1. Félagsvísindasvið		
Félags- og mannvísindadeild	35,9	35,9
Félagsráðgjafadeild	21,2	27,3
Hagfræðideild	36,0	55,4
<i>Lagadeild</i>	29,6	43,0
Stjórn málafræðideild	43,5	52,2
Viðskiptafræðideild	11,3	12,2
Meðaltal - allra deilda sviðs	29,6	34,4
2. Heilbrigðisvísindasvið – Meðaltal 6 deilda	19,03	25,1
3. Hugvísindasvið – Meðaltal 4 deilda	25,25	32,4
4. Menntavísindasvið	17,77	19,3
5. Verk- og náttúruvísindasvið – Meðaltal 6 deilda	26,25	27,78

**Yfirlit yfir einkunnir í námskeiðunum
Inngangur að lögfræði og Almenn lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu
2004-2009**

Inngangur að lögfræði

		Fall	Staðið	Fjarv.	Úrsögn	Samt.	M.eink	Fall%	staðið%	Samtals bæði próf	
										Staðið	Mættir
2004-2005	des	53	109	10	41	213	6,53	32,7	67,3	117	180
	upptökupr.	10	8	9	8	35	5,94	55,6	44,4		
2005-2006	des	28	130	23	46	227	7,41	17,7	82,3	134	167
	upptökupr.	5	4	2	3	14	5,33	55,6	44,4		
2006-2007	des	37	134	7	71	249	6,95	21,6	78,4	136	181
	upptökupr.	8	2	3	4	17	3,95	80,0	20,0		
2007-2008	des	49	114	14	26	203	6,4	30,1	69,9	125	182
	upptökupr.	8	11	4	2	25	5,89	42,1	57,9		
2008-2009	des	86	159	21	25	291	6,2	35,1	64,9	188	292
	upptökupr.	18	29	14	7	68	5,81	38,3	61,7		
2009*	des	215	106	14	52	387	4,90	67,0	33,0	106	321
	upptökupr.										

*Sjúkra- og upptökupróf vegna prófs í september 2009 fer fram vorið 2010.

Almenn lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu

		Fall	Staðið	Fjarv.	Úrsögn	Samt.	M.eink	Fall%	staðið%	Samtals bæði próf	
										Staðið	Mættir
2004-2005	des	103	55	26	55	239	4,37	65,2	34,8	75	230
	upptökupr.	52	20	14	15	101	4,1	72,2	27,8		
2005-2006	des	80	70	26	69	245	4,97	53,3	46,7	82	207
	upptökupr.	45	12	8	5	70	4,38	78,9	21,1		
2006-2007	des	126	42	23	85	276	4,01	75,0	25,0	77	253
	upptökupr.	50	35	11	18	114	4,81	58,8	41,2		
2007-2008	des	92	60	32	40	224	4,66	60,5	39,5	86	216
	upptökupr.	38	26	13	11	88	4,75	59,4	40,6		
2008-2009	des	170	57	24	60	311	4,16	74,9	25,1	101	351
	upptökupr.	80	44	20	11	155	4,75	64,5	35,5		
2009*	des	208	58	75	81	422	3,78	78,2	21,8	58	266
	upptökupr.										

*Sjúkra- og upptökupróf vegna prófs í desember fer fram vorið 2010.

Yfirlit yfir fjölda próftaka og meðaleinkunnir í námskeiðum við lagadeild Háskóla Íslands

2005-2009

NÁMSKEIÐ Í BA-NÁMI Í LÖGFRÆÐI

Íslenskt námskeiðsheit	2005-2006		2006-2007		2007-2008		2008-2009	
	Fjöldi	Meðaleinkunn	Fjöldi	Meðaleinkunn	Fjöldi	Meðaleinkunn	Fjöldi	Meðaleinkunn
Inngangur að lögfræði	161	7,40	172	6,97	164	6,43	248	6,20
Inngangur að lögfræði sem aukagrein	4	7,0	3	6,0	3	8,0	3	3,66
Almenn lögfræði	158	4,97						
Almenn lögfræði ásamt ágrípi af réttarsögu			175	3,98	161	4,66	237	4,15
Ágríp af réttarsögu	118	4,42	7	4,5	16	7,78	10	8,1
Evrópuréttur			163	4,99	147	4,89	199	4,78
Heimspækileg forspjallsvisindi	107	6,34	111	5,5	114	6,39	136	6,95
Stjórnskipunarréttur ásamt ágrípi af þjóðarétt...	138	6,66	100	6,35	115	6,31	145	6,27
Síftja- og erfðaréttur	128	5,75	99	6,40	101	6,37	105	6,11
Síftja- og erfðaréttur (eldri nemar)	4	7,0						
Samningaréttur	86	6,37	91	6,53	84	6,49	91	6,56
Skaðabótaréttur	99	6,58	104	6,28	83	6,66	98	6,85
Stjórnsýsluréttur I	85	6,40	88	6,70	85	6,43	95	6,34
Eignaréttur	99	6,0	108	6,67	89	6,39	93	5,72
Stjórnsýsluréttur II	81	6,72	94	6,67	82	6,46	95	6,83
Réttarfar I	103	5,90	112	6,64	86	6,42	80	6,14
Refsiréttur I	110	6,91	97	6,73	89	7,24	70	7,25
Kröfuréttur I	110	6,41	97	6,54	87	6,46	65	6,07
Réttarfar II	92	6,35	90	6,79	86	6,58	68	6,07
Réttarfar II (eldri nemar)	4	7,33						
Refsiréttur II	96	6,59	92	6,85	87	7,62	65	7,27
Refsiréttur II (eldri nemar)	3	3,5						
Kröfuréttur II	90	6,58	93	6,71	84	7,01	73	6,38
Kröfuréttur II (eldri nemar)	8	6,07						
BA-ritgerð í lögfræði haust	4	7,75	5	7,6	16	7,78	10	8,1
BA-ritgerð í lögfræði vor	48	8,09	50	8,08	57	8,22	53	8,00
BA-ritgerð í lögfræði sumar	22	7,75	26	8,15	14	7,96	6	7,41

NÁMSKEIÐ Í MEISTARANÁMI Í LÖGFRÆÐI


	2005-2006		2006-2007		2007-2008		2008-2009	
	Fjöldi	Meðaleinkunn	Fjöldi	Meðaleinkunn	Fjöldi	Meðaleinkunn	Fjöldi	Meðaleinkunn
Íslenskt námskeiðsheiti								
Almannatryggingaréttur			13	8,30	19	8,34	13	7,80
Almennur viðskipta- og neytendaréttur					55	7,94		
Alþjóða viðskiptaréttur							5	8,0
Alþjóðlegur einkamálaréttur					35	8,11		
Auðkennaréttur	16	8,09						
Auðlindaréttur I (Inngangur - Auðlindir á la...	15	7,8						
Basic Course in Public International Law	29	7,36	28	7,68	29	7,82	42	7,61
EC Environmental Law			20	7,62	10	8,2	29	8,25
EEA and EFTA Law					15	8,57	18	8,0
Einkaleyfi og hönnunarvernd	18	7,97			40	7,84		
EU Directives on Data Protection and Individu...			17	7,67				
EU/EEA Competition Law			23	8,15				
EU/EEA Economic Law	23	7,69						
EU/EEA Fisheries Rules and Policies	15	8,1						
Evrópskar mannréttindareglur			26	7,40			24	8,23
Evrópuréttur I	45	7,59	22	8,19			28	8,08
Evrópuréttur II					22	8,25		
Fasteignakauparéttur	28	8,35			69	8,12		
Félagaréttur I			61	7,86			109	7,61
Félagaréttur II (Félaga- og kauphallaréttur)			32	7,41			26	8,06
Fjármuna- og efnahagsbrot							48	8,11
Fjölmíðlaréttur			27	8,14			46	8,13
Fullnustugerðir			66	8,03			105	8,12
Hlutverk dómara og lögmannna við meðferð einka...	40	7,97	30	8,06	35	8,02	30	8,09
Höfundaréttur			41	7,80			30	7,81
Icelandic and European Legal History			12	7,54				
International Copyright Law	20	7,52						
International Criminal Law	24	8,18						
International Economic Law			27	8,05				
International Environmental Law I	27	7,51	20	7,6	15	7,96	27	8,12
International Environmental Law II	15	7,96						
International Human Rights Law	30	7,85			29	7,82	40	7,90
International Law on Sustainable Development					9	8,5	30	8,31
Kandidatsritgerð í lögfræði	48	8,49	25	8,4	7	8,64	2	7,75
Kvennaréttur	9	7,83			24	8,04		
Lagasetning, undirbúningur, gæði og eftirlit					26	7,91		
Law of Armed Conflicts			35	7,97				
Law of the Sea	20	7,10						
Leiguréttur	30	8,05			40	8,11		
LL.M. - Final Paper	2	7,0	2	8,5			5	8,6
Lögskýringar					54	7,46	13	7,57
Mannréttindi barna í ljósi nýrra tíma					25	8,16		
Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana			11	8,31				
Meistararitgerð í lögfræði			23	8,52	49	8,35	81	8,48
Natural Resources I (Basic Course)					14	7,62	19	8,1
Natural Resources Law II (Law of the Sea)					14	8,08	22	8,02
Natural Resources III (Fisheries Policy)					7	8,31	16	8,15

Ofbeldisbrot frá sjónarhóli- kvennaréttar			27	7,96			42	8,14
Opinbert eftirlit með fjármála- og viðskiptam...							31	7,82
Persónuréttur I - Almenn persónuvernd					37	8,21		
Persónuréttur II- Persónuupplýsingar og einka...	18	7,38			26	7,86		
Rafbréf og önnur viðskiptabréf	20	6,37			33	8,16		
Réttarheimspeki			16	8,40				
Samanburðarlögfræði			28	8,05			36	8,08
Samkeppnisréttur	46	7,83						
Samkeppnisréttur - íslenskur					66	8,29	55	7,92
Skattaréttur I - íslenskur	49	7,76			101	7,56	48	7,05
Skattaréttur II - alþjóðlegur	20	8,34			48	7,98		
Skuldaskilaréttur			57	7,63			89	8,14
Starfsmannaréttur	40	8,06			27	7,61		
Stjórnisýsluréttur III			36	8,51			40	7,92
Sveitarstjórnaréttur					41	7,89		
Topics in Political and Constitutional Theory	16	7,68						
Umhverfisrefsiréttur	13	8,11			20	8,52		
Umhverfisréttur			23	8,28			31	7,61
Upplýsingatækniréttur			12	7,79				
Vátryggingaréttur			24	8,35			35	8,07
Veðréttur og ábyrgðir	35	7,53			59	7,87		
Verðbréfamarkaðsréttur	19	7,30			53	7,30	18	8,0
Verktaka- og útboðsréttur			33	7,62			56	7,73
Viðurlög og viðurlagapólitík							31	8,41
Vinumarkaðsréttur			39	7,88			39	7,66
Workshop in Sustainable Development			3	7,0				

Skráning í námskeið lagadeildar á vormisseri 2010:

4. janúar 2010.

1. árs námskeið:		Fjöldi nemenda:
LÖG201G	Stjórnskipunarréttur ásamt ágripi af þjóðarrétti	334
LÖG202G	Heimspækileg forspjallsvísindi	354
LÖG203G	Sifja og erfðaréttur	372
2. árs námskeið:		
LÖG204G	Eignaréttur	134
LÖG205G	Stjórnsýsluréttur II	125
3. árs námskeið:		
LÖG603G	Kröfuréttur II	103
LÖG604G	Refsiréttur II	98
LÖG605G	Réttarfar II	105
LÖG601G	BA-ritgerð í lögfræði	80
Námskeið á meistarastigi:		
LÖG132F	Almannatryggingaréttur	27
LÖG135F	Auðkennaréttur	28
LÖG202F	Félagaréttur II (félaga -og kauphallarréttur)	17
LÖG203F	Fullnustugerðir	46
LÖG206F	Skuldaskilaréttur	45
LÖG209F	Alþjóðlegur skattaréttur - almennur hluti	48
LÖG240F	Alþjóðlegur skattaréttur - sérstakur hluti	34
LÖG222F	Starfsmannaréttur	33
LÖG223F	Persónuréttur II - Persónuupplýsingar og einkalífsvernd	17
LÖG227F	Fasteignakauparéttur	57
LÖG239F	Alþjóðlegur einkamálaréttur	52
LÖG234F	International Economic Law	20
LÖG212F	Natural Resource Law (Basic Course)	17
LÖG213F	Law of the Sea	22
LÖG235F	Law of Armed Conflicts	28
LÖG243F	EU-EEA Law I	25
LÖG244F	EU-EEA Law II	25



